

Ytra mat grunnskóla Álfhólsskóli

Úttekt þessi er unnin á vegum Námsmatsstofnunar - fyrir mennta- og menningamálaráðuneytið og Kópavogsbæ.

Höfundar: Þóra Björk Jónsdóttir og Hanna Hjartardóttir
© Námsmatsstofnun, 2013.

ISBN 978-9935-433-14-5

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Stjórnun.....	5
Nám og kennsla.....	5
Innra mat.....	5
Stoðþjónusta	6
Inngangur	7
Markmið og tilgangur.....	7
Aðferðir og framkvæmd.....	7
Álfhólsskóli	9
Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi	9
Stefna skólans	10
Starfsmenn	10
Nemendur	10
Árangur náms.....	10
Samræmd próf	10
PISA	12
Starfstími.....	12
Sérfræðiþjónusta	12
Niðurstöður.....	13
Svið I - Stjórnun	13
Fagleg forysta	13
Stefnumótun og skipulag	16
Samskipti heimila og skóla	17
Svið II - Nám og kennsla	19
Nám og námsaðstæður	19
Þátttaka og ábyrgð nemenda	22
Námsaðlögun	23
Svið III – Innra mat	25
Framkvæmd innra mats	25
Svið IV – Stoðþjónusta	28
Stoðþjónusta – almennt.....	28
Stoðþjónusta – nýbúafræðsla	30
Stoðþjónusta – sérdeild einhverfra.....	32
Styrkleikar og tækifæri til umbóta	33
Heimildir.....	36
Viðhengi/Fylgiskjöl	36

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Álfhólsskóla sem fór fram á vorönn 2013. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrír fyrirfram ákveðnir en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru stjórnun, nám og kennsla, innra mat og að ósk skóla og sveitarfélags var stoðþjónusta metin.

Stjórnun.

Stjórnendur stuðla með ýmsu móti að samhljómi meðal allra um góðan og jákvæðan skólabrag. Stefnumótunarvinna sem í gangi er í skólanum skilar sér í anda skólans. Stefna skólans er sýnileg á heimasíðu og skilgreint er hvað liggur að baki leiðarljósum skólans. Foreldrar og nemendur eru hvattir til að taka þátt í stefnumótun. Skólanámskrá, starfsáætlun og allar áætlanir eru vel fram settar og öllum hagsmunaaðilum skólastarfsins aðgengilegar. Skólareglur eru sýnilegar og ákvæði við agabrotum eru lausnamiðuð. Skólaráð og foreldrafélag eru virkir samráðs- og samstarfsaðilar skólans.

Sem tækifæri til umbóta er lagt til að gera einkunnarorð skólans sýnilegri bæði í skólanum og námi nemenda. Einnig að kennarar hafi möguleika á að fá endurgjöf á störf sín í kennslu með reglubundnum heimsóknum stjórnenda eða annarra kennara. Fram kom að efla má og samræma upplýsingaflæði í gegnum Mentor. Skipa þarf nemendur í skólaráð til tveggja ára.

Nám og kennsla

Nemendur eru almennt áhugasamir um nám sitt og starf í skólanum og virkir í kennslustundum. Jákvæðni og góð samskipti einkenna skólastarfið og kennslustundir. Kennarar hafa almennt góða fagþekkingu á þeim námssviðum sem þeir kenna. Kennslustundir eru vel skipulagðar og tíminn almennt vel nýttur. Vel er fylgst með námi og árangri nemenda og hugað að þörfum nemenda með sérþarfir með fjölbreyttum leiðum. Nemendur sýna góðan árangur á samræmdum prófum. Nemendur, líka ungir nemendur, vita hvernig þeir eiga að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Bekkjarfundir eru markvisst haldnir og góðar leiðbeiningar eru til um þá.

Efla þarf notkun upplýsingatækni í öllu skólastarfi. Nemendur þyrftu að hafa meiri möguleika á að nýta upplýsingaver til náms. Lagt er til að kennarar hugi að fjölbreyttum kennsluháttum og skapi námsaðstæður sem stuðla að samvinnu nemenda og taki mið af áhuga þeirra. Við endurskoðun skólanámskrár er lagt til að markmið og viðmið um námsmat verði gerð sýnileg og þau kynnt nemendum og foreldrum vel. Einnig er bent á að samfara uppfærslu námsvísa og kennsluáætlana í tengslum við nýja aðalnámskrá þarf stefna skólans og áherslur að sjást í áætlunum um nám. Leita þarf leiða til að foreldrar og nemendur nýti námsvísa og kennsluáætlanir til leiðsagnar í námi. Einnig þarf að huga að því að allir nemendur sem og bráðgerir nemendur fái krefjandi verkefni við hæfi.

Innra mat

Innra mat er reglulegt, fjölbreytt og allir helstu þættir skólastarfsins eru metnir. Leitað er sjónarmiða allra hagsmunaaðila og allir hagsmunaaðilar hafa áhrif á skipulag matsins. Niðurstöður úr innra mati eru formlega kynntar og upplýsingar um innra mat eru á heimasíðu. Umbótaáætlun er mjög vel fram sett. Áætlun er til um innra mat til ársins 2016.

Leita þarf leiða til að meta reglulega kennslu og fagmennsku kennara. Í sjálfsmatsteymi þurfa að sitja fulltrúar allra hagsmunaaðila skólans. Setja þarf í umbótaáætlun skólans hvenær meta á hvort umbætur hafi náð fram að ganga. Loks þarf að finna enn skilvirkari leiðir til að kynna foreldrum og nemendum niðurstöður innra mats.

Stoðþjónusta

Sérfræðiþjónusta nær yfir alla þá þjónustu sem lög og reglugerðir kveða á um. Allt skipulag, allir ferlar og skráning er mjög skilvirk. Brugðist er skjótt við vanda. Gerðar eru einstaklingsáætlanir sem foreldrar og í sumum tilfellum nemendur koma að. Stuðningur er markvisst metinn og endurskipulagður. Vel skilgreind læsistefna er við skólann. Sérdeildir eru vel skipulagðar og námi nemenda þar faglega sinnt. Markvisst er unnið að félagslegri blöndun nemenda sérdeilda í almenna bekki.

Tækifæri til umbóta stoðþjónustunnar eru að tengja einstaklingsnámskrár og bekkjarnámskrár saman eins mikið og mögulegt er. Huga að því að sérfræðipækning sérkennara nýtist betur í bekkjaraðstæðum og styrki þannig nám allra nemenda. Efla upplýsingagjöf um sérþarfir til allra starfsmanna. Birta upplýsingar um skólann á nokkrum tungumálum á heimasíðu og einnig að birta þar skilgreiningu á félagslegri aðlögun þannig að allir í skólasamfélaginu geri sér ljóst í hverju hún er fólgin.

Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á Álfhólsskóla í Kópavogi. Matið var framkvæmt af Þóru Björk Jónsdóttur og Hönnu Hjartardóttur og fór fram á vettvangi á tímabilinu 15.-30. apríl, 2013. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Matið er hluti af samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis en framkvæmdin er á vegum Námsmatsstofnunar. Matið er byggt á þeim skyldum ríkis og sveitarfélaga sem koma fram í 37. og 38. gr. laga um grunnskóla frá 2008.

Í Álfhólsskóla voru metnir fjórir þættir; stjórnun, nám og kennsla, innra mat og stoðþjónusta. Síðast taldi matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

1. Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
2. Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.
3. Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum.
4. Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (*Lög um grunnskóla, 2008*).

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja skóla, stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar.

Grundvöllur ytra mats eru viðmið um gæði stjórnunar, náms og kennslu og innra mats. Auk þess geta sveitarstjórnir/skólar óskað eftir mati á fjórða þætti sem í þessu tilfelli var: stoðþjónusta. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig hafðir til hliðsjónar auk *Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020* (Hrönn Pétursdóttir, 2007). Litið var til viðmiða í ytra mati víða erlendis, svo sem frá Englandi, Skotlandi, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Kanada. Einnig var horft til viðmiða Reykjavíkurborgar í heildarmati á grunnskólum.

Aðferðir og framkvæmd

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um skólann áður en farið var í vettvangsathuganir og rýnivíðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á skólastarf ýmist í prentuðu máli

eða á rafrænu formi.¹ Þá voru skoðaðar niðurstöður samræmdra prófa og framfarastuðull frá Námsmatsstofnun undanfarin sex ár. Engar heildarúttektir hafa verið gerðar á skólanum af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytis undanfarin fimm ár. Hins vegar voru gerðar úttektir á sjálfsmati skólanna, Hjallaskóla og Digranesskóla árin 2002 (Digranesskóli), 2003 og 2008 (Hjallaskóli). Þessir tveir skólar voru sameinaðir í einn, Álfhólsskóla, árið 2010.

Fundur var haldinn 13. mars 2013 með skólastjóra, framkvæmdastjóra menntasviðs Kópavogsbæjar og deildarstjóra grunnskólastigs. Þar voru forsendur matsins kynntar sem og framkvæmdin. Sama dag var kynningarfundur í skólanum fyrir allt starfsfólk og þá gafst einnig tækifæri til að fara í skoðunarferð um skólann og starfsstöðina Hjalla í fylgd skólastjóra. Daginn eftir var farið í skoðunarferð um starfsstöðina Digranes. Nokkru síðar tóku við vettvangsathuganir hjá um 70% kennara og gafst einnig tækifæri til að spjalla við nemendur. Haldnir voru rýnifundir með kennurum, öðrum starfsmönnum skóla, stjórnendum, nemendum í tveimur hópum það er annars vegar nemendum í 1. – 6. bekk og hins vegar 7. – 10. bekk, foreldrum og fulltrúum í skólaráði. Í hverjum hópi voru sex til átta þátttakendur. Fulltrúar í rýnihópa voru valdir með slembiúrtaki nema stjórnendur. Þá var tekið einstaklingsviðtal við skólastjórann. Vegna fjórða matsþáttarins,stoðþjónusta, var myndaður sérstakur rýnihópur sem upplýsti um þjónustuna auk þess sem tekið var einstaklingsviðtal við deildarstjóra stoðþjónustunnar. Spurningum um stoðþjónustu var einnig beint til rýnihópa nemenda, foreldra, kennara annarra starfsmanna og skólaráðs. Í hópi nemenda og foreldra voru aðilar sem höfðu reynt af stoðþjónustu skólans.

Skólaheimsóknin stóð yfir í sex daga (auk kynningafundar og skoðunar), það er 15. – 18. apríl og 29. – 30. apríl 2013. Vettvangsathuganir voru í 43 kennslustundum hjá jafn mörgum kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum svo sem stærðfræði, íslensku (lestur, skrift, bókmenntir, málfræði), samfélagsfræði, náttúrufræði, smíði, leiklist og tónlist auk sérkennslu og nýbúakennslu. Kennarar vissu hvaða daga matsmaður var væntanlegur í vettvangsheimsókn en ekki í hvaða tíma. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir hverja kennslustund. Skólastjóri fékk í hendur samfellda lýsingu á hverri kennslustund þar sem einnig voru dregnir sérstaklega fram tveir þættir sem voru til fyrirmyndar og einn sem hugsanlega mætti bæta. Kennurum var boðið að hitta matsmenn einstaklingslega í 10-20 mínútur í lok dags til að sjá og heyra hvað hafði verið skráð hjá þeim í vettvangsheimsókn og fá endurgjöf á störf sín og nýttu um 73% kennara sér það.

Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram en dagana milli skólaheimsókna og að lokinni skólaheimsókn unnu þeir saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Það ber að hafa í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

¹ Skólanámskrá og starfsáætlun, sýnishorn af kennsluáætlunum og námsáætlunum, greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, stundatöflur nemenda, símenntunaráætlun, yfirlit yfir valgreinar, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

Álfhólsskóli

Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi

Álfhólsskóli í Kópavogi er tiltölulega nýr skóli því þetta er aðeins þriðja starfsár hans. Hann varð til vorið 2010 við sameiningu tveggja skóla; Hjallaskóla og Digranesskóla. Grundvöllur stefnu skólans eru niðurstöður stefnumótunarvinnu starfsmanna, foreldra og nemenda á vordögum 2010 og gögn frá skólastarfi í Digranes- og Hjallaskóla.

Digranesskóli tók til starfa árið 1964 og þar var starfrækt sérdeild fyrir einhverfa frá árinu 1990. Þess má geta að deildin heyrði þá undir menntamálaráðuneyti og Fræðsluskrifstofu Reykjaness en Kópavogur yfirtók reksturinn árið 1996. Hjallaskóli tók til starfa árið 1983 og við hann var starfrækt nýbúadeild frá árinu 1999. Báðir skólarnir voru heildstæðir grunnskólar það er með nemendum í 1. – 10. bekk.

Í Álfhólsskóla eru tvær starfsstöðvar, Hjalli og Digranes. Í Hjalla eru nemendur í 5. – 10. bekk en í Digranesi nemendur í 1. – 4. bekk. Við skólann eru starfræktar tvær sérdeildir, annars vegar fyrir nýbúa og hins vegar fyrir einhverfa nemendur og eru þær starfræktar bæði í Hjalla og Digranesi.

Í Hjalla er starfrækt félagsmiðstöðin Pegasus fyrir nemendur í 8. – 10. bekk. Dægradvöl sem er vistun fyrir nemendur í 1. – 4. bekk eftir skóla, er starfrækt í Digranesi. Norskukennsla fyrir nemendur í 7. – 10. bekk úr öllum grunnskólum Kópavogs fer fram í Hjalla. Tónlistarskóli Kópavogs og Skólahljómsveit Kópavogs starfa í nánum tengslum við Álfhólsskóla og fá nemendur tækifæri til að sinna tónlistarnámi sínu að hluta til á starfstíma grunnskólans.

Ýmis nýsköpunar- og þróunarverkefni eru í gangi og hafa verið til staðar. Má þar nefna verkefnið *Læsi* sem er unnið í samvinnu við Skólavefinn og fleiri grunnskóla. Það byggir á greinartækinu LOGOS sem kannar meðal annars sértæka náms- og lestrarerfiðleika ásamt því að vera nýtt til skimunar á heilum bekkjum. Skimunin sýnir hvar nemandinn er staddur í leshraða, lesskilningi, lestri út frá hljóðaaðferð og lestri út frá rithætti. Síðastliðið vor lauk tveggja ára vinnu í Comeniusarverkefninu *Up and Sing*. Verkefnið var unnið með heimsóknum nemenda milli landa, reglulegum fundum með nemendum í sínum heimaskólum og mikilli samvinnu í gegnum netið. Nemendur og kennarar í frönskum, spænskum og norskum skólum unnu að verkefninu ásamt hópi nemenda úr Álfhólsskóla. Á þessu skólaári hófst þróunarvinna varðandi námsmat í tengslum við nýja aðalnámskrá í Álfhólsskóla. Teymi var myndað um verkefnið sem leiðir vinnuna.

Grenndarskógur Álfhólsskóla heitir Laufás. Hann er staðsettur í Kópavogsdalnum og er í göngufæri við skólann. Laufás reiturinn er hugsuð sem útikennslustofa en ekki má nýta tré sem vaxa í lundinum sjálfum. Staðsetning Laufás er góð þar sem hann liggur að fjölbreyttu útivistarsvæði sem er mjög ákjósanlegt til hreyfingar og útiveru. Eftir miðjum dalnum rennur lækur sem fellur til sjávar og eykur sá möguleiki Laufás enn frekar sem útikennslustofu.

Stefna skólans

Álfhólsskóli hefur þrjú megingildi að leiðarljósi: **Menntun – Sjálfstæði – Ánægja**

Menntun

Í Álfhólsskóla er skapandi starf með fjölbreyttum kennsluháttum og nám við hæfi hvers og eins óháð menningarlegum bakgrunni.

Sjálfstæði

Í Álfhólsskóla er lögð áhersla á að nemendur séu sjálfstæðir, sýni frumkvæði, ábyrgð og setji sér raunhæf markmið.

Ánægja

Í Álfhólsskóla er skólabragur sem einkennist af ánægju, leik og vellíðan.

Starfsmenn

Í Álfhólsskóla eru fimm stjórnendur, skólastjóri og fjórir deildarstjórnar og einn þeirra staðgengill skólastjóra. Kennarar eru 75 og aðrir starfsmenn 44. Auk þess eru tveir sálfræðingar í hlutastarfi og tveir hjúkrunarfræðingar í 80% og 50% starfshlutfalli. Námsráðgjafar eru þrír í 100% og 50% starfshlutfalli. Allir kennarar eru kennaramenntaðir utan einn leiðbeinandi sem sinnir fyrst og fremst nýbúum vegna málakunnáttu. Fjöldi sérkennara er hlutfallslega mikill vegna sérdeildanna, nýbúakennarar eru átta, sérdeildakennarar og sérkennarar eru 15. Hlutfall kynja er þannig í starfsmannahópnum að karlmenn eru um 20%.

Nemendur

Á vorönn 2013 eru samtals 687 nemendur í skólanum. Þrjár bekkjardeildir eru í árgangi og fjöldi nemenda í bekk er frá 20-30 nemendur. Hlutfall nemenda af erlendum uppruna er rúmlega 20% eða 141 nemandi. Nemendur sem fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli eru 98. Fjöldi nemenda sem fær skilgreinda sérkennslu er 43 og fjöldi í skilgreindum sérdeildum er 23.

Fjöldi nemenda eftir árgöngum:

Bekkur	Fjöldi nemenda
1.	60
2.	65
3.	68
4.	62
5.	63
6.	69
7.	65
8.	81
9.	71
10.	82

Árangur náms

Samræmd próf

Nemendur 4. bekkjar standa sig almennt kringum landsmeðaltal á samræmdum prófum í íslensku og stærðfræði þegar litið er til meðaltals síðustu sex ára. Niðurstaðan 2012 var mjög góð í íslensku þar

sem nemendur sýna árangur sem er yfir landsmeðaltali. 2012 eru hlutfallslega margir nemendur (41%) með háa (38-60)normaldreifða einkunn í íslensku, en það hlutfall er 23.1% á landsvísu. Í stærðfræði eru færri með lága einkunn en almennt gerist á landsvísu.

Nemendur 7. bekkjar standa sig almennt kringum landsmeðaltal á samræmdum prófum í íslensku en yfir landsmeðaltali í stærðfræði þegar litið er til meðaltals síðustu sex ára. Árið 2012 sýna nemendur mjög góðan árangur, yfir landsmeðaltali bæði í íslensku og stærðfræði. Dreifing nemenda milli flokka lágra, meðal og hárra normaldreifðra einkunna í íslensku er eðlileg þegar litið er til síðastliðinna sex ára og í stærðfræði eru færri í lága hópnum. 2012 eru fáir nemendur með lága einkunn í íslensku (17%) og stærðfræði (11%) og mjög hátt hlutfall fær háa einkunn í stærðfræði (49%) en það er 25% á landsvísu.

Nemendur 10. bekkjar standa sig í samræmi við landsmeðaltal á samræmdum prófum í íslensku, stærðfræði og ensku þegar litið er til meðaltals síðustu sex ára. Dreifing einkunna eftir flokkum há, meðal og lág normaldreifð einkunn undanfarin sex ár sýnir að dreifing einkunna nemenda eru alveg á pari við landið. Niðurstaðan 2012 var góð þar sem nemendur sýna árangur sem er um og yfir landsmeðaltali í fögunum þremur, ensku, íslensku og stærðfræði. Árið 2012 sýna margir nemendur (35%) góðan árangur í íslensku. Sama er að segja um stærðfræðina (34%) og enskan er með svipuð hlutfall og landið.

Framfarir

Niðurstöður 2012 sýna að 32% nemenda eru að taka meiri eða talsvert meiri framförum í stærðfræði milli 4. og 7. bekkjar en almennt gerist á landsvísu. 3% nemenda sýna minni framfarir í stærðfræði en gengur. 26% taka meiri eða umtalsvert meiri framförum í íslensku og 14% sýna minni framfarir en almennt gengur.

Milli 7. og 10. bekkjar sýna 15% meiri eða umtalsvert meiri framfarir í stærðfræði og 17% sýna minni framfarir. 21% sýna meiri eða umtalsvert meiri framfarir og 17% sýna minni framfarir í íslensku.

Þegar litið er á framfarastuðla skólans sjást að framfarir nemenda eru yfirleitt góðar þegar litið er til síðustu ára. Nemendur í 7. bekk taka meiri framförum í íslensku og stærðfræði en almennt gerist á landsvísu. Sama er með 10. bekk stærðfræði en framfarir í íslensku eru til jafns við jafnaldra. Þetta merkir að staða nemenda við skólann hefur almennt batnað miðað við jafnaldra.

Þátttaka 2012




Þátttaka nemenda 4. bekkjar árið 2012 í íslensku var 86% og stærðfræðipróf tóku 89% nemenda. Á landsvísu tóku 90.8% nemenda íslenskuna og 92.2% stærðfræðiprófið.

Í 7. bekk tóku 86% nemenda samræmt próf í íslensku og 89% í stærðfræði. Á landsvísu er þátttaka 91.8% í íslensku og 91.7% í stærðfræði.

Í 10. bekk þreyttu 86% nemenda íslensku (7% nemenda voru fjarverandi og 7% veikir) og 92% stærðfræðipróf (6% nemenda voru fjarverandi og 2% veikir) en 87% nemenda þreyttu próf í ensku (6% nemenda voru fjarverandi og 7% veikir) í 10. bekk 2012. Á landsvísu eru það 90,2% nemenda sem þreytir íslenskupróf, 89,6% þreytir stærðfræðipróf og ensku taka 91% nemenda á landinu.

PISA

PISA er alþjóðleg rannsókn á hæfni og getu 15 ára nemenda í lesskilningi, stærðfræði og náttúrufræði. PISA prófun fer fram á þriggja ára fresti. Niðurstöður PISA 2012 verða ekki birtar fyrr en í desember 2013. Gögn eru til fyrir PISA 2009 og fyrr, þá var Álfhólsskóli ekki til en hér er greint frá niðurstöðum fyrir Digranesskóla og Hjallaskóla frá árinu 2000 – 2009.



Lesskilningur hefur verið metinn með PISA frá árinu 2000, læsi á stærðfræði frá 2003 og læsi á náttúrufræði frá 2006. Lesskilningurinn var í kringum landsmeðaltal í báðum skólunum frá 2000 til 2009. Upplýsingar varðandi læsi á stærðfræði eru frá 2003 og þar virðist hafa verið neikvæð þróun í Digranesskóla og sama á við í þeim skóla þegar kemur að læsi á náttúrufræði, en um það eru til niðurstöður frá 2006 og 2009.

Starfstími

Árlegur skólatími er 180 skóladagar nemenda en auk þess 5 skipulagsdagar starfsfólks á skólaárinu og 8 skipulagsdagar utan þess. Vikulegur kennslutími nemenda er samkvæmt viðmiðunarstundaskrá og gildir það einnig um nýbúa- og einhverfudeild. Umfang forfallakennslu á fyrri önn skólaársins 2012 – 2013 var 961 stundir í öllum skólanum og felldar voru niður 82 kennslustundir í unglingadeild á sama tímabili.

Sérfræðipjónusta

Skólinn sækir sér sérfræðipjónustu og ytri ráðgjöf til starfsfólks á menntasviði Kópavogsbæjar og er þjónustan veitt í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

Niðurstöður

Svið I - Stjórnun

Einkunnaorð Álfhólsskóla eru menntun, sjálfstæði, ánægja.

Í skólastefnu Kópavogs stendur:

Til að halda úti öflugu skólastarfi er nauðsynlegt að stuðla að því að námið ýti undir og efli menntun og þroska hvers einstaklings. Markmiðið hlýtur alltaf að snúast um að búa nemendur undir framtíðina, að takast á við líf og starf í síbreytilegu samfélagi. Til þess að ná því þarf að taka tillit til ólíkra þarfa og getu nemenda, byggja upp skólasamfélag sem öllum líður vel í og þar sem einstaklingar fá að njóta sín.

Í grunnskólum Kópavogs er lögð áhersla á að kennsluhættir taki mið af þörfum einstaklinga með fjölbreyttum náms- og kennsluháttum og að starfsumhverfi skólanna efli félagslega færni nemenda, stuðli að jákvæðri sjálfsmynd þeirra og ýti undir heilbrigðan metnað.

Í anda þessarar stefnu er skólastarf í Álfhólsskóla og þar á meðal stjórnun skólans. Einnig byggir stjórn skólans á því sem fram kemur í lögum um grunnskóla og aðalnámskrá þar sem segir: *Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins (7. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008) og í aðalnámskrá: Skólastjóri í samstarfi við starfsfólk ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem fer fram í viðkomandi skóla (kafla 10.1).*

Fagleg forysta

Stjórnandinn sem leiðtogi

Stjórnendur leggja rækt við samskipti við nemendur, starfsmenn og foreldra í daglegu starfi. Skólastjóri hefur forystu um að móta sýn og stefnu skólans. Stefnumótun hefur farið fram með öllum hagsmunaaðilum á sérstökum stefnumótunarfundum allt frá því að ákveðið var að sameina tvo skóla; Hjallaskóla og Digranesskóla, í einn skóla - Álfhólsskóla. Sérstakt stefnumótunarteymi heldur utan um þennan þátt.

Á þessum fundum hefur verið lögð áhersla á að auk starfsfólks mæti foreldrar og nemendur svo og yfirvöld þegar það á við. Stefnan er því skýr og einkunnarorð hafa verið valin og þau skilgreind en lítið hefur verið unnið með þau til þessa og þau því ekki sýnileg í skólanum. Jafnframt eru þau ekki þjál í vitund hagsmunaaðila, hvorki starfsmanna né annarra.

Stjórnendur miðla upplýsingum um gæði skólastarfs og árangur nemenda í skóla- og frístundastarfi. Það er gert á heimasíðu og einnig tilkynnt nemendum opinberlega á sal eins og þegar skáklið skólans leiddi Íslandsmótið.

Þegar stjórnendur kynna skólann leggja þeir áherslu á sérstöðu hans og leiðarljós í námi og kennslu. Sérstaða hans felst að nokkru í því mikla starfi sem fram fer í sérdeildum skólans, bæði einhverfudeild fyrir alla skóla Kópavogs og einnig nýbúadeild en allstórt hlutfall nemenda eru tvítyngdir eða um 20%. Mikil áhersla hefur verið á læsi í skólanum, þróunarverkefni hefur verið í gangi auk þess sem skýr og skilmerkileg lestrarstefna er til staðar.

Þó stjórnendur fylgist með námi og kennslu í gegnum kennsluáætlanir, samræður á fagfundum og viðhafi stutt innlit í stofur, er ekki um reglulegar heimsóknir að ræða í kennslustundir þar sem fram fer endurgjöf í kjölfarið. Markvisst er þó lagt mat á kennslu í Læsisverkefni.

Styrkleikar

- Stjórnandi stuðlar að samhljómi meðal kennara, starfsmanna, nemenda og foreldra um stefnu og starfshætti.
- Stefna skólans er skýrt fram sett og birtist á heimasíðu.
- Allir hagsmunaaðilar hafa unnið að og vinna að stefnumótun skólans.
- Árangri nemenda bæði innan skóla og utan er haldið á lofti með ýmsum hætti.

Tækifæri til umbóta

- Gera þarf einkunnarorð skólans sýnilegri bæði í vitund fólks og með hlutlægum hætti.
- Huga ber að meiri endurgjöf til kennara til dæmis með reglubundnum heimsóknum í kennslustundir.

Stjórnun stofnunar

Stjórnendur vinna með skólayfirvöldum í sveitarfélaginu að stefnumótun og ákvarðanatöku og forgangsröðun í nýtingu fjármagns tekur mið af stefnu skólans og sveitarfélagsins. Skýr verkaskipting er innan stjórnendateymis og regluleg upplýsingagjöf milli stjórnenda sem funda einu sinni í viku.

Boðið er upp á starfsþróunarsamtöl fyrir alla starfsmenn en í ár er það valkvætt hjá starfsmönnum. Þegar kennslu er skipað niður er tekið mið af menntun og sérhæfingu kennara. Stjórnendur veita starfsfólki endurgjöf fyrir vel unnin störf, bæði í starfsmannasamtöl á fundum og einnig í óformlegu spjalli vegna einstakra verkefna/starfa.

Unnið er eftir verklagsreglum um skjalastjórnun, reglur eru skýrar og þeim fylgt um upplýsingagjöf um nemendur. Skipurit liggur fyrir sem endurspeglar fyrirkomulag stjórnunar í skólanum. Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn liggur fyrir, þar er bæði greint frá því sem gera þarf varðandi ráðningar en einnig hvernig kynna á skólann fyrir nýjum starfsmanni. Starfslýsingar fyrir alla starfsmenn eru aðgengilegar á innra neti skólans og jafnréttisáætlun er til staðar.

Allir starfsmenn skrifa undir trúnað og þagnarskyldu, það gera líka kennaranemar og sálfræðingar sem eru verktakar. Aðrir verktakar sem koma í skólann, svo sem iðnaðarmenn, eru á vegum bæjarins og ekki er vitað hvort þeir hafa skrifað undir þagnarskyldu og trúnað í sínu starfi.

Styrkleikar

- Verkaskipting á milli stjórnenda er skýr og þekkt af starfsmannahópi.
- Stjórnendur gæta hagsmuna starfsfólks og veita markvissa endurgjöf.
- Stjórnendur og yfirvöld skólamála eiga góða samvinnu um mótun skólastefnu.
- Kennslutilhögun tekur mið af menntun og sérhæfingu hvers og eins.
- Unnið er eftir verklagsreglum um skjalastjórnun.

- Jafnréttisáætlun svo og móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn liggur fyrir.

Tækifæri til umbóta

- Kanna þarf hvort allir verktakar sem koma í skólann hafi undirritað þagnarskyldu og trúnað.

Faglegt samstarf

Í skólanum ríkir það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt, aðilar ræða reglulega um áherslur og koma sér saman um megin viðmið. Markvisst er stuðlað að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti allra í skólanum. Þetta kemur meðal annars fram í verkefninu *Saman í sátt* þar sem jákvæður skólabragur er skilgreindur sérstaklega.

Fundaáætlun er sett upp fyrir skólaárið og formlegir fundir boðaðir með dagskrá, fundargerðir ritaðar og aðgengilegar öllu starfsfólki. Samstarf um nám og kennslu er reglulegur þáttur í starfi skólans, það er bæði formlegt og óformlegt og miðar alltaf að því að styrkja nám nemenda.

Samskipti við önnur skólastig eru regluleg og skráð. Skólinn hefur samskipti við fjóra leikskóla sem eru í hverfinu og leikskólabörnum er boðið í heimsókn í skólann nokkrum sinnum á vetrinum. Nemendur í 8. bekk fara í skipulegar valstundir í leikskóla, átta vikur í senn. Það þýðir að þegar nemendur í 1. bekk koma í skólann þekja þeir einhverja í 9. bekk og mynda þannig vinatengsl. Ekki er þó til skilgreind, tímasett áætlun um þessi samskipti við leikskólana.

Í samstarfi við Menntaskólann í Kópavogi býður skólinn upp á framhaldsskólaáfangu sem kenndir eru sem valgreinar í Álfhólsskóla en að öðru leyti er ekki um beint samstarf að ræða við framhaldsskóla.

Samskipti við grenndarsamfélagið er fyrst og fremst við Skólahljómsveit Kópavogs og Tónlistarskólann í Kópavogi sem eru í samstarfi um tónlistarkennslu, einkakennslu, í skólanum á skólatíma. Auk þess er samstarf við HK (Handknattleiksfélag Kópavogs) um íþróttaskóla sem nemendur í 1. – 4. bekk geta sótt á Dægradvalartíma.

Styrkleikar

- Markvisst er stuðlað að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti allra í skólanum.
- Starfsfólk er öðrum fyrirmynd um lýðræðisleg vinnubrögð.
- Fundir eru boðaðir með dagskrá og öllum aðgengilegir.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að hafa skráð samskipti við önnur skólastig þar sem tímasetningar og samstarf kemur greinilega fram.

Skólaþróun

Þróunar og umbótaáætlun liggur fyrir, hún byggir á stefnu skólans og sveitarfélagsins svo og innra og ytra mati á starfinu. Símenntunaráætlun tengist þróunar- og umbótastarfi innan skólans, hún er í samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár. Stjórnendur hvetja starfsmenn til að sækja sér endur- og framhaldsmenntun. Ákveðnir aðilar bera ábyrgð á framkvæmd innra mats með þátttöku stjórnenda.

Styrkleikar

- Símenntunaráætlun endurspeglar stefnu skólans.
- Þróunar- og umbótaáætlun liggur fyrir.

- Stjórnendur hafa frumkvæði að og hvetja starfsfólk til að efla sig í starfi.
- Ákveðið teymi ber ábyrgð á framkvæmd innra mats.

Stefnumótun og skipulag

Starfsáætlun og skólanámskrá

Starfsáætlun birtir skipurit, skóladagatal og aðrar upplýsingar sem tilgreindar eru í aðalnámskrá grunnskóla og breytast frá ári til árs. Starfsáætlun er fyrst og fremst unnin af stjórnendum en rædd á starfsmannafundi þar sem öllum gefst tækifæri til að koma með tillögur og athugasemdir. Hún er síðan lögð fyrir skólaráð og skólanefnd.

Í skólanámskrá eru birt þau gildi sem skólastarfið byggir á og markmið sem snúa að uppeldi, námi og kennslu og faglegri þróun, upplýsingar um innra mat á árangri og gæðum og áætlanir um umbætur og þróunarstarf. Skólanámskráin er unnin af starfsfólki og haft er samráð við skólaráð. Þó skammt sé liðið síðan Álfhólsskóli vann að sinni fyrstu skólanámskrá stendur nú yfir vinna við endurskoðun meðal annars með tilliti til breytinga sem orðið hafa á aðalnámskrá grunnskóla, þar á meðal grunnpáttanna sex; læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun og hvernig þeir munu birtast í almennu skólastarfi og á einstökum námssviðum. Allir aðilar skólasamfélagsins þekkja stefnu skólans eins og hún birtist í skólanámskrá þó nýju einkunnaorðin séu ekki ljós í vitund fólks. Aðkoma foreldra og nemenda að skólanámskrá er fyrst og fremst í gegnum fulltrúa í skólaráði. Á stefnumótunarfundum hafa þessir aðilar þó komið að málefnum sem fara síðan að einhverju leyti inn í skólanámskrá.

Styrkleikar

- Allt starfsfólk kemur að gerð skólanámskrár og starfsáætlunar sem lögð er fyrir skólaráð.
- Framkvæmd skólastefnu er rædd á starfsmannafundum.

Tækifæri til umbóta

- Auka þátttöku foreldra við gerð skólanámskrár.

Skóladagur nemenda

Skóladagur nemenda er heildstæður, stundatöflur samfelldar og tímafjöldi svipaður alla daga vikunnar. Námið er skipulagt í heildstæðar vinnulotur með eðlilegum hléum þannig að vinnuálag miðast við aldur nemenda og þroska. Stundatöflur nemenda bera nokkurn vott um sveigjanleika í skólastarfinu þannig að árgangar eiga saman tíma á töflu, þetta á við í 9. og 10. bekk í íslensku og stærðfræði þar sem árgöngunum er skipt upp í færnimiðaða hópa í þessum greinum. Stundatöflur annarra árganga í stærðfræði og íslensku gefa einnig þennan sveigjanleika en í vettvangsheimsóknnum kom ekki fram að það væri nýtt. Skólinn nýtir svigrúm viðmiðunarstundaskrár til dæmis með því að taka listgreinar á skemmri tíma en heilum vetri til að þær hafi meira vægi í stundaskrá nemenda ákveðið tímabil. Þá er til staðar samþætting milli verkgreina og bóklegra greina. Þess sáust dæmi milli tónlistar, leiklistar og samfélagsfræði. Boðið er upp á valgreinar fyrir nemendur í 9. – 10. bekk þar sem nemendum gefst kostur á að dýpka þekkingu sína á áhugasviði eða með framtíðaráform í huga. Nemendur geta valið um fjölda valgreina á ýmsum sviðum svo sem verk- og listgreinar, íþróttir og útivist, félagsfærnigreinar, tungumál og lestur og raungreinar. Samtals eru þetta 36 valgreinar. Þarna má nefna; hönnun og smíði, textílmenn, heimilisfræði, förðun, leiklist, hljómsveit, kvikmyndir, stuttmyndagerð, dans, skólahreysti, útivist, skák, félagsmálafræði, jafningjafræðsla, enska, spænska, franska, stærðfræði, umferðarfræði. Listnám, íþróttir og aðra tómstundaiðju er einnig hægt að meta til valgreina óski foreldrar eftir því.

Styrkleikar

- Skóladagur nemenda er heildstæður, stundatöflur samfelldar og eðlileg hlé til hvíldar.
- Sameiginlegir tímar í heilum árgöngum gefa kost á fjölbreyttara námsframboði.

Tækifæri til umbóta

- Nýta sameiginlega tíma á töflu enn frekar t.d. fyrir samvinnu milli árganga.

Verklagsreglur og áætlanir

Skólasamfélagið hefur skilgreint jákvæðan skólabrag og mótað leiðir til að viðhalda honum. Þetta sést best í verkefninu *Saman í sátt*. Þar eru einnig viðbrögð við einelti, verklagsreglur og viðbrögð við því. Skólareglur eru jákvæðar og viðbrögð við agabrotum lausnamiðuð í samræmi við reglugerð. Í forvarnaráætlun er m.a. að finna áætlun skólans í fíknivörnum og áfengis- og tóbaksvörnum. Þar er áréttað hvað beri að gera ef notkun fíkniefna er talin eiga sér stað.

Áætlun um sérkennslu og stuðning hefur verið gerð og henni fylgt eftir. Gerðar eru áætlanir um kannanir og skimanir sem lagðar eru fyrir þá sem þurfa námsaðstoð. Móttökuáætlanir fyrir nýja nemendur, nemendur með annað tungumál en íslensku og fyrir nemendur með sérstakar þarfir liggja fyrir.

Styrkleikar

- Jákvæður skólabragur einkennir alla starfsemi skólans.
- Skólareglur eru sýnilegar og viðbrögð við einelti liggja fyrir.
- Þjónusta fyrir nemendur með sérþarfir er markviss og víðtæk.
- Móttökuáætlanir fyrir nýja nemendur, nemendur með sérstakar þarfir og fyrir nemendur með annað tungumál liggja fyrir.
- Forvarnaráætlun er til staðar sem tekur m.a. á fíknivörnum.

Tækifæri til umbóta

- Setja áætlanir og verklagsreglur fram á fleiri tungumálum

Samskipti heimila og skóla

Skólaráð, foreldrafélag

Skólastjóri vinnur með skólaráði sem er virkur samráðsaðili í stjórnun skólans. Skólaráð fundar reglulega og fundargerðir eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Allar helstu ákvarðanir er varða stefnu, skólahald og skólaþróun eru lagðar fyrir ráðið til umsagnar. Fulltrúar í skólaráði eru lýðræðislega valdir af sínum hópi. Nemendur eru ætíð úr 10. bekk og því til eins árs en rætt er um að breyta því. Skólaráð hefur sett sér starfsáætlun og vinnureglur. Gott upplýsingaflæði er milli skólaráðs og foreldrafélags þar sem annar fulltrúi í skólaráði situr einnig í stjórn foreldrafélagsins.

Skólastjóri fundar reglulega með stjórn foreldrafélagsins og fundirnir eru haldnir í skólanum. Fulltrúar úr hverjum bekk vinna m.a. að því að efla félagsleg tengsl nemenda, foreldra og kennara. Þeir standa fyrir alls kyns viðburðum eins og „desemberfjóri“, páskabingói, vorhátíð og halda fræðslufundi fyrir foreldra og nemendur í 1. og 8. bekk í samstarfi við skólann.

Styrkleikar

- Skólaráð er virkur samráðsaðili í stjórnun skólans, fundar reglulega og hefur sett sér starfsáætlun.

- Foreldrafélag er virkur samstarfsaðili skólans og skipuleggur viðburði sem efla skólabrag.

Tækifæri til úrbóta

- Þar sem fulltrúar í skólaráði eiga að vera kosnir til tveggja ára væri eðlilegt að nemandi úr 9. bekk væri kosinn annað hvert ár (þannig væri alltaf einn nemandi úr 9. bekk og einn úr 10. bekk og sætu í tvö ár).

Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun.

Stjórnendur og kennarar skapa foreldrum tækifæri til að taka þátt í námi barna sinna. Það gera þeir t.d. með reglulegum foreldraviðtölum þrisvar á ári þar sem rætt er um nám og líðan. Fyrsta viðtalið er á svokölluðum skólaboðunardegi, þar sem nemendur og foreldrar koma í viðtal fyrsta skóladaginn. Að hausti eru einnig haldnar námskynningar fyrir foreldra í öllum árgöngum. Þá eru sérstakir fræðslufundir fyrir foreldra nemenda í 1. og 8. bekk. Markvisst er leitað eftir tillögum og hugmyndum foreldra um það sem betur má fara í skólastarfinu bæði með stefnumótunarfundum svo og með rafrænum könnunum.

Mest af upplýsingum til foreldra um skólastarfið framundan og árangur af einstökum verkefnum fer í gegnum Mentor. Þó er það misjafnt eftir kennurum hversu vel og mikið sá miðill er nýttur, foreldrar vilja sjá þann þátt betri t.d. varðandi heimanám. Einnig fer tölvupóstur og töskupóstur til foreldra auk upplýsinga á heimasíðu. Það kemur fram í viðtölum við foreldra að þeim er ljóst hvert þeir eiga að snúa sér ef upplýsingar vantar frá skólanum en sumir hverjir eru ekki mjög duglegir að sækja sér upplýsingar á Mentor.

Styrkleikar

- Traust og gott samstarf er milli foreldrasamfélagsins og skólans.
- Skipulegar foreldraheimsóknir eru reglulegur þáttur í skólastarfinu.
- Markvisst er leitað eftir tillögum foreldra um það sem betur má fara í skólastarfi.
- Upplýsingagjöf milli heimila og skóla er skilvirk.

Tækifæri til umbóta

- Efla þarf og samræma öflugt upplýsingaflæði í gegnum Mentor.
- Skólinn þarf að hvetja forelda til að fylgjast reglulega með áætlunum, heimanámi, viðburðum o.fl. á Mentor.

Svið II - Nám og kennsla

Í skólastefnu Kópavogsbæjar² segir að grunnskólar skulu sýna frumkvæði og þjóna sem best ólíkum þörfum nemenda. Þeir áhersluþættir aðrir sem koma fram í stefnunni og snúa að námi og kennslu eru að nemendum líði vel í skólanum og að sérhver einstaklingur nái settum markmiðum með skólagöngu sinni og að tillit sé tekið til ólíkra þarfa nemenda.

Í framtíðarsýn Álfhólsskóla er lögð áhersla á að tryggja að öllum nemendum líði vel jafnt í leik og starfi. Þeir fái kennslu við hæfi hvers og eins og nái hámarksárangri miðað við færni og getu. Nemendur verði ábyrgir, sjálfstæðir í vinnubrögðum og öðlist jákvæða sjálfsmynd.

Stefna skólans er að allir njóti virðingar og ólíkir einstaklingar fái tækifæri, skólinn sé skóli án aðgreiningar sem leggur áherslu á vellíðan nemenda, skapandi starf og fjölbreytta kennsluhætti og að vera skóli með sérfræðipækkingu og getu til að mæta þörfum nemenda.

Til að framfylgja sýn og stefnu hefur Álfhólsskóli sett fram aðgerðaráætlun sem nefnist Saman í sátt sem tekur til þátta er snúa að skólabrag og líðan nemenda. Skólinn stendur fyrir þróunarverkefni í Læsi þar sem skimað er fyrir lestraerfiðleikum hjá nemendum í þremur árgöngum tvisvar á vetri og unnið út frá aðgerðaráætlun í framhaldi niðurstaðna. Einnig tengist fjölbreytt ritun þróunarverkefninu. Skólinn er einnig í þróunarvinnu varðandi námsmat.

Nám og námsaðstæður

Inntak og árangur

Skólinn er með yfirlýsta stefnu sem skóli án aðgreiningar. Allir nemendur skólans eru skráðir í bekkjardeildir en geta að auki tilheyrt mismunandi undirdeildum. Skólanámskrá er skýrt fram sett sem skólahandbók og árganganámskrár þar sem sett eru fram markmið, efnisþættir, kennsluáðferðir, námsgögn og námsmat hverrar greinar. Skólanámskrá er í sífelldri endurskoðun. Foreldrar og nemendur þekkja ekki vel til námsvísa og nýta ekki.

Markvisst er unnið úr og með niðurstöður skimana, mats og samræmdra prófa. Nemendur 4. bekkjar standa sig almennt kringum landsmeðaltal á samræmdum prófum í íslensku og stærðfræði þegar litið er til meðaltals síðustu sex ára. Nemendur 7. bekkjar standa sig almennt kringum landsmeðaltal á samræmdum prófum í íslensku en yfir landsmeðaltali í stærðfræði þegar litið er til meðaltals síðustu sex ára. Nemendur 10. bekkjar standa sig alveg í landsmeðaltal á samræmdum prófum í íslensku, stærðfræði og ensku þegar litið er til meðaltals síðustu sex ára. Þegar litið er á framfarastuðla skólans sjást að framfarir nemenda eru yfirleitt góðar þegar litið er til síðustu ára. Nemendur sýna meiri framfarir en gerist á landsvísi í 7. bekk íslensku og stærðfræði. Sama er með 10. bekk stærðfræði en framfarir í íslensku eru til jafns við jafnaldra.

Styrkleikar

- Skólanámskrá og allar upplýsingar um skólann og námsvísa eru skýrt fram settar.
- Mikil áhersla er á að skrá og fylgjast með nemendum og námi þeirra.
- Nemendur sýna góðan árangur á samræmdum prófum.

² <http://www.kopavogur.is/files/Grunnskolestefna%202009%281%29.pdf>

Tækifæri til umbóta

- Uppfæra þarf námsvísa í tengslum við innleiðingu nýrrar aðalnámskrár.
- Skýrari tenging við stefnu og áherslur skólans mættu birtast í bekkjarnámskrám.
- Finna þarf leiðir til að foreldrar og nemendur nýti og tengi upplýsingar um nám og markmið í námsvísunum og áætlunum.

Skipulag náms og námsumhverfi

Skólanámskrá sýnir stigvaxandi kröfur í námi og samhengi er milli árganga í bekkjarnámskrám. Þar þarf hins vegar að gera betur grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvarða. Námsmat er skilgreint með því að segja hvernig á að meta, ekki hvað á að meta og hvað er góður árangur.

Almennt er hefðbundin bekkjarskipan og yfirleitt einn kennari með bekknum. Sérkennari eða stuðningsfulltrúi var inni í bekknum í fimm af þeim 34 almennu stundum sem metnar voru. Í helmingi stundanna voru einhverjir nemendur í sérúrræði, frá einum í sex af nemendum bekkjarins. Nemendahópar í almennum tímum voru misfjölmennir, yfirleitt voru hóparnir með milli 11 og 20 nemendum hjá kennara, sex hópar voru með 20 til 25 nemendum og níu námshópar með 10 nemendum eða færri hjá kennara.

Námsumhverfi og aðbúnaður er yfirleitt styðjandi fyrir nám og kennslu en upplýsingatækni var ekki mikið notuð almennt í námi og kennslu nema í námsverum. Nemendur nefndu að þeir hefðu ekki nógan aðgang að bókasafni, þar væri oft kennsla og ekki hægt að nýta sér safnið sem námsstað einnig nefndu þeir þörf fyrir stað til að læra þegar þeir væru í eyðu.

Yfirleitt er allur hópurinn að vinna að sömu verkefnum á sama tíma og nemendur hafa lítið val um verkefni. Eldri nemendur velja valgreinar í 9. og 10. bekk en ekki er boðið upp á valgreinar í 8. bekk.

Foreldrasamtöl með nemendum eru þrisvar á ári með skólaboðunardegi. Nemendur undirbúa sig og setja sér markmið. Þar er rætt um líðan og nám. Verið er að auka þátt samtala milli nemenda og umsjónarkennara, meðal annars með því að nýta tíma sem ætlaður er sem viðtalstími kennara. Foreldrar og nemendur telja sig vita um tilgang heimanámsins og nemendur tala um að það geti dreifst misjafnlega vel á tímabil. Foreldrar í rýnihópnum segja heimanám vera misjafnt eftir kennurum og árgöngum. Skráð og virkt samstarf er milli skólastiga.

Styrkleikar

- Áætlanir um nám og kennslu eru skráðar og aðgengilegar.
- Upplýsingar um skipulag náms og námsaðstæður eru vel fram settar og aðgengilegar.

Verið er að auka og efla nemendasamtöl. [Tækifæri til umbóta](#)

- Setja viðmið um námsmat og tengja við markmið.
- Efla þarf þátttöku nemenda í mati og umfjöllun um nám sitt.
- Nemendur hafi meira aðgengi að bókasafni/upplýsingaveri.
- Skoða samráð um dreifingu heimanáms hjá kennurum.

Kennsluhættir og gæði kennslu

Kennarar hafa almennt góða fagþekkingu á námssviðum sem þeir kenna. Kennslustundir voru vel skipulagðar og flestir nemendur nýttu tímann vel. Nemendur voru oftast að vinna í sömu verkefnum í námshópnum og verkefnin byggðu á námsmarkmiðum bekkjarins en dæmi eru um að nemendur vinni með annað námsefni en heildin eða námsefni framhaldsskóla.

Í upphafi kennslustundar segja kennarar yfirleitt hvað eigi að fara fram í kennslustundinni. Misjafnt var hvort eða hvernig það var tengt við námsmarkmið bekkjarins eða hvort vísað var til markmiða í áætlunum. Markmið sáust á veggjum í sumum skólastofum. Rýnihópur yngri nemenda kannast við að setja sér markmið og segja að kennarinn setji markmið með þeim sem þau eiga að vera búin með í lok árs.

Yfirleitt vinna nemendur einir að verkefnum sínum en samvinna nemenda var markvisst skipulögð sem hluti af námi þeirra í sex kennslustundanna og að auki var einhver samvinna í námi hjá hluta af nemendum í fimm kennslustundum.

Kennsluhættir í þorra kennslustundanna einkenndust af hlutverki kennara sem fræðara³ eða í 27 af þessum 33 almennu kennslustundum sem metnar voru. Í öllum vettvangsathugunum kennslustunda í sérúrræðum var kennarinn í hlutverki fræðara. Sex af stundunum sem metnar voru flokkast sem kennsluathafnir undir leiðbeinandi⁴ þar sem kennari skapar námsaðstæður sem leiða til þess að nemendur leita lausna og eru virkir í fjölbreyttum verkefnum. Endurgjöf í námi er markviss en lítið var um sjálfsmat eða annað námsmat í kennslustundunum sem setið var í.

Styrkleikar

- Kennslustundir eru almennt vel skipulagðar og kennarar hafa góða fagþekkingu á þeim námssviðum sem þeir kenna.

Leiðsögn og endurgjöf stuðlar að framförum og árangri í námi. [Tækifæri til umbóta](#)

- Tengja þarf nám og námsmat betur við markmið.
- Nýta betur upplýsingatækni í námi og kennslu.
- Nýta betur samvinnu nemenda og samþættingu námsgreina sem tækifæri til skapandi starfs og fjölbreytni.

Námshættir og námsvitund

Nemendur eru yfirleitt áhugasamir um nám sitt, virkni góð í kennslustundum og góður vinnufriður var almennt ríkjandi. Jákvæð samskipti og gagnkvæm virðing einkenndu skólastarfið og viðmót allra.

Nám nemenda tekur að litlum hluta mið af áhugasviði þeirra eða námsstíl, flestir voru að vinna að sömu verkefnum á sama hátt í meginhluta stundanna. Í vettvangsheimsókn bar lítið á að nemendur fengju markvissa þjálfun í fjölbreyttum námsaðferðum, annað en að í flestum stofum er veggspjald með lestrarnámstækni tengt læsisverkefni skólans. Vinnubóka- og verkefnavinna var ríkjandi í bóklegum tímum og lítið um að nemendur nýttu tækni sér til stuðnings við nám nema við stöku verkefni eða í sérkennslu.

Nemendur vinna almennt að sömu verkefnum í námshópum en nemendur unglíngastígs eru greindir í þrjá hópa í íslensku og stærðfræði þar sem unnið er að ólíkum verkefnum eftir hópum. Þessa hópa kalla kennarar hæg- mið- og hraðferð og meðal nemenda var rætt um að þetta séu getuskiptir hópar og segja einn hópinn fyrir þá sem eru lélegastir. Nemendur flestra árganga eru einnig í færniskiptum hópum í lestri tengt læsisverkefni skólans. Miðstígsnemendur töluðu um að nemendur séu settir í

³ Kennari er fyrst og fremst að miðla efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja. Námsfni er í forgrunni. Sjá viðhengi.

⁴ Kennari stýrir framvindu eða skipuleggur rannsóknarmiðað nám, leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda. Frumkvæði og ábyrgð getur verið hjá nemanda og nemandinn er í forgrunni. Sjá viðhengi.

þrjá hópa bæði í lestri og stærðfræði og þeir sem séu lélegastir og ekki á sama stað fái mestu kennslu og tölvur séu meira fyrir þá.

Nemendur í sérdeildum og námsveri vinna almennt einstaklingsbundin verkefni en einnig voru nemendur þar við nám í fámennum hópum.

Styrkleikar

- Nemendur eru áhugasamir um nám sitt og almennt virkir í kennslustundum.

Leitast er við að koma til móts við fjölbreyttar námsþarfir nemenda með greiningu í námshópa og námsver. [Tækifæri til umbóta](#)

- Huga betur að áhugasviði nemenda og vitund þeirra um styrkleika sína sem námsmenn.
- Auka þátttöku og ábyrgð nemenda í að skipuleggja nám sitt og námsaðferðir og að meta framgang sinn.
- Fylgjast vel með og meta hvernig og hvort færniaðgreining hefur áhrif á námsárangur nemenda og félagslega aðlögun.

Þátttaka og ábyrgð nemenda

Lýðræðisleg vinnubrögð

Nemendur, líka nemendur yngra stigs, vita hvernig þeir geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri, sérstaklega með því að leita til umsjónarkennara eða stjórnenda. Ekki eru skráðar leiðbeiningar um hvernig eigi að leita eftir sjónarmiðum nemenda um nám eða námsaðstæður. Nemendur þekkja ekki vel til starfa fulltrúa sinna í skólaráði. Upplýsingar um umræður og ákvarðanir á fundum sem kjörnir fulltrúar nemenda sitja eru ekki öllum aðgengilegar.

Bekkjarmyndir eru markvisst haldnir. Hluti af aðgerðaráætlun skólans *Saman í sátt* felst í að skapa jákvæðan skólabrag og þar eru einnig greinagóðar leiðbeiningar um bekkjarmyndi. Skólinn hefur sett fram skráða árshringrás aðgerða til að tryggja samfellu og samhæfingu aðgerða.

Nemendur taka þátt í að svara Skólapúlslinum og fleiri könnunum þar sem leitað er eftir sjónarmiðum þeirra, en nemendur kannast ekki við að niðurstöður séu kynntar þeim.

Styrkleikar

- Lögð er áhersla á jákvæðan skólabrag og gerðar kröfur á alla í skólasamfélaginu að leggja sitt af mörkum.
- Góðar leiðbeiningar um bekkjarmyndi og samskipti eru skráðar.

Tækifæri til umbóta

- Sjá til þess að nemendur komi sjónarmiðum sínum á framfæri, með formlegum og markvissum hætti um framkvæmd náms og námsumhverfis.
- Efla þarf leiðir til að niðurstöður umræðna nefnda, kannana og innra mats komist til skila til allra nemenda og foreldra.

Ábyrgð og þátttaka

Nemendum eru kynnt markmið námseininga í heild sinni en virk tenging markmiða og náms í smærri verkefnum eða kennslustundum sást ekki mikið í vettvangsheimsókninni. Nemendur nefna að þeir skrái markmið í tengslum við nemendasamtöl sem eru þrisvar á ári en annars setja þeir sér ekki markmið eða gera sjálfir áætlanir í námi. Foreldrar taka þátt í setningu einstaklingsbundinna

markmiða þegar um nemendur í sérdeildum er að ræða. Foreldrar fylgjast að jafnaði vel með námsframvindu barna sinna, og markmiðssetning er þeim aðgengileg í bekkjarnámskrám. Viðmið um árangur tengt námsmati er ekki sett fram, þannig að erfitt er fyrir nemendur að meta eigin vinnu. Nemendur eru ábyrgir og þeir eru meðvitaðir um reglur skólans og viðurlög. Skólareglurnar eru leiðbeinandi og snúa að nemendum og starfsmönnum jafnt.

Styrkleikar

- Samskipti í skólanum eru góð og allir styðja við að skapa jákvæðan skólabrag.
- Skólareglur eru leiðbeinandi og ná til alls skólasamfélagsins.

Tækifæri til umbóta

- Kennarar þurfa að tengja nám og kennslu við markmið nemenda.
- Nemendur þurfa að fá leiðsögn og þjálfun við að tengja nám við markmið og mat við viðmið um árangur.
- Auka má sjálfsmat nemenda og leiðbeina þeim við mat á eigin framförum tengt viðmiðum um árangur.

Námsaðlögun

Nám við hæfi allra nemenda

Í skólanum ríkir viðhorf sem einkennist af virðingu fyrir fjölbreytileika og mikilvægi þess að allir fái notið náms og kennslu við hæfi. Allir nemendur tilheyra sinni bekkjardeild og taka virkan þátt í starfi skólans. Staða nemenda í námi er metin á fjölbreyttan hátt, t.d. með markvissum skimunum, könnunum og samtölum, svo laga megi nám að niðurstöðum.

Í vettvangsathugun og viðtölum kom fram að nemendur eru aðgreindir í margvísleg sérúrræði vegna ýmissa ástæðna. Áhersla skólans er á að mæta margvíslegum þörfum með leiðum eins og færnigreindri hópaskiptingu, sérkennslu í námsverum og sérdeildum. Ekki var mikið um að nemendur væru með sérstaka aðstoð inni í bekkjarumhverfi í kennslustundunum sem metnar voru í vettvangsathuguninni.

Í samræðum við umsjónarkennara kom fram að þeir flokka nemendur dálítið í hópa eftir eðli sérúrræða og greiningum sem nemendur hafa fengið. Ekki var alltaf alveg ljóst hvar ábyrgð á námi nemanda lá, hjá umsjónarkennara eða tengt sérúrræði sem nemanda var vísað í.

Við nám og kennslu nemenda í sérkennslu var upplýsingatækni meira nýtt en sást í almennri kennslu. Sem dæmi hefur sérkennari við skólann útbúið fjölda verkefna og kennsluefni á tölvu tengt lestri og stærðfræði.

Í unglingsdeild skólans, það er 8. – 10. bekk, er nemendum skipt í færnimiðaða hópa í íslensku og stærðfræði. Þá er skipt í þrjá hópa auk þess sem yfirleitt eru einhverjir í sérkennslu í námsveri. Hvergi kemur fram í opinberum gögnum skólans hvernig færnimiðuðu námi í 8. – 10. bekk er háttað, hvernig þörf er metin, hver eru markmiðin og hvaða leiðir á að fara. Samkvæmt viðtölum við stjórnendur er þetta gert til að koma betur til móts við alla og hafa námsefni við hæfi. Viðfangsefni nemenda í færnigreindum hópum voru yfirleitt samskonar og að því er virtist einstaklingsverkefni í námsbókum og endurspegluðu ekki mikið áhuga eða hæfileika nemendanna. Nemendur voru misáhugasamir í námshópunum sem litið var til.

Styrkleikar

- Í skólanum er margbreytileika hampað og allir nemendur eru fullgildir þátttakendur í starfi hans.
- Viðamikil skipulag er til að reyna að mæta námsþörfum nemenda á fjölbreyttan hátt.

Tækifæri til umbóta

- Efla þarf bekkjarkennslu þannig að nemendur með margvíslega hæfni hafi möguleika á að ná árangri í námi innan bekkjar.
- Tengja markvisst saman áætlanir bekkjar og einstaklingsáætlanir þannig að nám allra nemenda tengist náms- og félagslega starfi bekkjarins.
- Til að efla virkni og ábyrgð nemenda þarf að gera nemendum með sérþarfir sem og öðrum nemendum, ljós markmið með námi sínu.
- Huga að því að tengja verkefni og viðfangsefni nemenda meira við áhuga og að þau séu hæfilega krefjandi og geri kröfur um að allir nái árangri.
- Skilgreina betur ábyrgð sem snýr að námi nemenda með sérþarfir.

Stuðningur við nám

Vel er fylgst með og brugðist við þörfum nemenda. Snemmtæk íhlutun og aðgerðir í framhaldi af skimunum eru vel skráðar og markvissar. Skráð er hvernig bregðast á við niðurstöðum mats og skimana. Starfsfólk skólans fær góðan stuðning frá deildarstjóra og starfsmönnum sérúrræða. Foreldrar eru vel upplýstir um sérúrræði.

Sérkennsla nemenda og stuðningur við nám er að mestu í höndum fagmenntaðra starfsmanna. Til þess að mæta þörfum allra nemenda í námi eru starfræktar nýbúadeild og sérdeild einhverfra. Að auki er sérkennsla í námsverum. Gott samstarf er við foreldra og nemendur þegar við á um sérstakan stuðning og gerð og endurmat einstaklingsnámskrár. Einstaklingsnámskrár eru vel gerðar og innihalda viðeigandi atriði. Endurmat á skipulagi og markmiðum náms nemenda með sérþarfir er reglulegt. Rýnihópar voru á því að huga þyrfti að námi við hæfi fyrir bráðger börn markvissar en gert er.

Styrkleikar

- Vel er fylgst með og brugðist við þörfum nemenda.
- Mjög góðar og ýtarlegar skráðar upplýsingar eru um verklag, skipulag og framkvæmd sérúrræða og sérkennslu.

Tækifæri til umbóta

- Upplýsingar og verklag í tengslum við skipulag sérúrræða þyrfti að vera aðgengilegt og birt á heimasíðu skólans.
- Huga þarf að viðfangsefnum sem koma til móts við bráðgera nemendur.

Svið III – Innra mat

Álfhólsskóli mótaði starfshætti matsteymis vorið 2011 og setti fram matsáætlun til fimm ára í október sama ár. Jafnframt var skilgreint matsferli eða verkferli fyrir hvert ár til að vinna eftir. Í upphafi hvers skólaárs skipar skólastjóri matsteymi sem kemur saman á fyrsta fund ekki síðar en 30. september. Matsáætlun er skoðuð með skólastjóra og gerðar breytingar á henni ef þörf er á. Matsþættir skólaársins eru endanlega ákveðnir í samráði við skólastjóra. Í lok skólaárs eru gögn sem safnað hefur verið, svo sem rafrænar kannanir og niðurstöður stefnumótunarfunda greind og í kjölfar þess gerð umbótaáætlun. Í teyminu sitja skólaárið 2012 - 2013 tveir bókasafnsfræðingar, grunnskólakennari og skólastjóri sem er ábyrgðarmaður teymisins. Rætt er um að fá foreldri í matsteymið.

Árið 2012 – 2013 eru viðfangsefni sjálfsmats: nemendur (líðan, þarfir, starfsandi og samstarf), nám og námsárangur, kennsla (kennsluhættir, starfsþróun og fagmennska), stjórnun, starfsfólk (líðan, þarfir, starfsandi og samstarf), samstarf heimila og skóla, viðmót og menning skóla. Auk þess verður að vori skoðuð ráðstöfun fjármagns og aðbúnaður og unnið að stefnu og markmiðum í skólanámskrá. Fyrst og fremst eru þessir þættir skoðaðir með rafrænum könnunum þar sem matsteymið setur fram spurningar og ákveður viðmið en einnig er Skólapúlsinn nýttur, niðurstöður samræmdra prófa og LOGOS greiningar. Í verkefninu *Saman í sátt* eru reglulega lagðar fyrir kannanir sem snúa að líðan nemenda, einelti o.fl. Niðurstöður kannana, skýrslur teymis og umbótaáætlun auk niðurstaðna samræmdra prófa eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gerði úttekt á sjálfsmatsaðferðum Digranesskóla árið 2002. Heildarniðurstaða þess var að samkvæmt viðmiðum ráðuneytisins teldust sjálfsmatsaðferðir skólans fullnægjandi að hluta og framkvæmd sjálfsmatsins fullnægjandi.

Árin 2003 og 2008 gerði ráðuneytið úttekt á sjálfsmatsaðferðum Hjallaskóla. Heildarniðurstaðan árið 2002 var sú að sjálfsmatsaðferðir skólans teldust fullnægjandi og framkvæmd sjálfsmatsins fullnægjandi að hluta. Árið 2008 var heildarniðurstaða ráðuneytis að bæði sjálfsmatsaðferðir skólans svo og framkvæmd matsins teldust fullnægjandi.

Framkvæmd innra mats

Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi

Á heimasíðu skólans er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf, bæði árangur þess og gæði. Þá kemur fram hverjir bera ábyrgð á framkvæmd innra mats. Áætlun um innra mat fyrir viðkomandi skólaár liggur fyrir og jafnframt liggur fyrir langtímaáætlun til ársins 2016. Þar kemur fram að allir helstu þættir skólastarfsins eru metnir.

Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram með einhverjum hætti reglulega. Mat á kennslu og fagmennsku kennara fer ekki fram með reglulegum hætti nema í tengslum við mat á kennslu í verkefninu *Læsi*.

Mat og ígrundum kennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum er ekki hægt að mæla en í samtölum kom fram að slíkt væri alltaf til staðar.

Styrkleikar

- Allir helstu þættir skólastarfs eru reglulega metnir.

- Á heimasíðu skólans eru skilmerkilegar upplýsingar um innra mat skólans.
- Langtímaáætlun innra mats liggur fyrir.

Tækifæri til umbóta

- Leita þarf leiða til að meta reglulega kennslu og fagmennsku allra kennara.

Innra mat er markmiðsbundið

Í stefnu skólans í innra mati er gerð grein fyrir hvernig markmið skólanámskrár eru metin markvisst og reglubundið. Leiðir að markmiðum eru einnig hluti af innra mati. Í umbótaáætlun ársins koma fram aðgerðir, áætlanir, verkferlar og ábyrgðaraðilar hvers þáttar. Skilgreind eru viðmið um þann árangur sem stefnt er að. Í greinargerð um innra mat er fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst.

Styrkleikar

- Skólinn notar innra mat til að kanna hvort og að hve miklu leyti markmiðum hefur verið náð.
- Skilgreind viðmið eru um árangur.
- Öll markmið skólanámskrár eru metin reglubundið með einhverjum hætti.

Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum.

Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við að afla gagna. Þar má nefna rafrænar kannanir, Skólapúlsinn, stefnumótunarfundir og tengslakannanir sem koma frá verkefninu *Saman í sátt* og snúa að líðan nemenda, einelti o.s.frv. Skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati svo sem samræmd próf, kannanir frá Rannsókn og greiningu, PISA til eflingar og stuðnings við innra mat.

Styrkleikar

- Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við öflun gagna.
- Niðurstöður úr ytra mati eru nýttar í innra matið.

Tækifæri til umbóta

- Auka þátttöku nemenda við að afla gagna

Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum.

Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli og þeir geta haft áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats í gegnum fulltrúa í skólaráði. Auk þess getur starfsfólk haft áhrif á skipulag og áherslur þegar kynning fer fram á starfsmannafundum. Matsteymið er hins vegar eingöngu skipað kennurum og stjórnendum svo bein aðkoma annars starfsfólks, nemenda og foreldra er ekki fyrir hendi þar. Hins vegar funda stefnumótunarteymi, þar sem foreldrar og annað starfsfólk eiga fulltrúa, og sjálfsmatsteymi á hverju vori og fara yfir niðurstöður kannana og stefnumótunarfunda.

Styrkleikar

- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila.
- Allir hagsmunaaðilar geta haft áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats í gegnum fulltrúa í skólaráði.

Tækifæri til umbóta

- Huga þarf að hvort matsteymi verði skipað öllum hagsmunaaðilum.

Umbótastarf í kjölfar innra mats

Innra mat er opinbert

Á heimasíðu skólans geta hagsmunaaðilar nálgast greinargerðir um innra mat, framkvæmd þess og niðurstöður. Greinargerðir eru skýrt fram settar og niðurstöður eru formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum. Það er meðal annars gert á opnum fundum allra hagsmunaaðila og á starfsmannafundum. Nemendur fá kynningu á niðurstöðum í gegnum skólaráð. Þaðan vantar ferli til annarra nemenda því ef til vill gæti það vakið áhuga nemenda á slíkum könnunum og þeir skildu betur tilgang þeirra. Umbótaáætlun er skilmerkilega sett fram og birt á heimasíðu skólans eins og allar aðrir upplýsingar varðandi innra mat.

Styrkleikar

- Greinargerðir um innra mat eru birtar á heimasíðu.
- Niðurstöður úr innra mati eru formlega kynntar.

Tækifæri til umbóta

- Kynna nemendum betur helstu niðurstöður kannana.

Innra mat er umbótamiðað

Umbótaáætlun er í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta. Þar koma fram markvissar aðgerðir, tímasettar og með skilgreindum viðmiðum. Ekki er tilgreint í umbótaáætlun hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða í kjölfar umbóta. Áætlunin er borin undir skólaráð með formlegum hætti og umbótum er kerfisbundið fylgt eftir. Einnig er áætlunin kynnt fyrir skólanefnd. Allir hagsmunaaðilar geta á óbyggjandi hátt nefnt dæmi um umbætur sem innra mat skólans hefur leitt til.

Styrkleikar

- Umbótaáætlun er í samræmi við greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Í umbótaáætlun koma fram markvissar aðgerðir, tímasettar og með viðmiðum og ábyrgðaraðilum.
- Allir hagsmunaaðilar geta nefnt dæmi um umbætur í kjölfar innra mats.

Tækifæri til umbóta

- Setja þarf í umbótaáætlun hvenær hugað verður að mati á umbótum sem gerðar verða.

Svið IV – Stoðþjónusta

Þegar kom að vali á fjórða þætti fyrir Álfhólsskóla ákváðu yfirvöld menntamála í Kópavogi og skólastjóri Álfhólsskóla sameiginlega að skoðuð yrði stoðþjónusta skólans. Var sú ákvörðun meðal annars tekin vegna þess að mjög mikil stoðþjónusta er veitt þar sem skólinn er með tvær sérdeildir. Annars vegar er nýbúadeild, sem er fjölmenn á íslenskan mælikvarða, því í skólanum er 141 nemandi af erlendu bergi brotinn sem jafngildir um 20% nemenda skólans. Hins vegar er deild fyrir einhverfa nemendur. Báðar þessar deildir starfa fyrir alla grunnskóla bæjarins og í þeim báðum eru nemendur frá 1. – 10. bekk. Auk þess sinnir skólinn almennri sérkennslu í námsverum og er með stuðning inni í bekkjardeildum.

Þegar gerð voru viðmið um gæðastarf sem snúa að þessum þætti skólastarfs, stoðþjónustu, voru fyrst og fremst skoðuð lög og reglugerðir og vísbendingar gerðar samkvæmt þeim. Þá var horft til ákvæða í aðalnámskrá grunnskóla og varðandi nýbúadeild var m.a. leitað fanga hjá Huldu Karen Daníelsdóttur, verkefnisstjóra, sem hefur haldið utan um málefni nýbúa á Íslandi undanfarin ár. Einnig voru skoðaðar starfsreglur Kópavogsbæjar varðandi einhverfudeild og hafðar til hliðsjónar greinar í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem lúta að réttindum barna.

Hafa ber í huga að viðmið um fjórða þátt hafa ekki farið til umsagnar og endurskoðunar líkt og önnur viðmið sem notuð eru við ytra matið. Þessi viðmið eru unnin með skömmum fyrirvara þar sem ósk skóla og sveitarfélags um matsþátt liggur fyrst fyrir stuttu áður en matið hefst.

Vísbendingunum var skipt niður í þrjá undirkafla: Stoðþjónustu almennt, nýbúadeild og sérdeild einhverfra.

Stoðþjónusta – almennt

Nám við allra hæfi

Nemendur fá jöfn tækifæri á eigin forsendum til náms og virkrar þátttöku í skólastarfi. Þeir fá fjölbreytt nám við hæfi sem tekur mið af þörfum þeirra og stöðu. Námsumhverfið er sveigjanlegt og margbreytilegt og skipulag stuðnings við einstaka nemendur og nemendahópa stuðlar að því að hann fari fram innan skólans. Nýttur er viðeigandi tækjabúnaður miðað við stöðu nemenda og aðlöguð námsgögn.

Styrkleikar

- Nemendur fá nám við hæfi miðað við þarfir einstaklingsins.
- Tækjabúnaður og námsgögn eru miðuð við stöðu nemenda.

Tækifæri eru til umbóta

- Sérhæfðan og almennan tölvubúnað þarf að endurnýja og auka.

Greiningargögn og námsáætlanir

Greiningargögn fylgja nemendum úr leikskóla í grunnskóla og einnig frá grunnskóla til framhaldsskóla. Skipulag stuðnings fer ávallt fram í samráði við umsjónarkennara, aðra kennara og sérkennara og aðra fagaðila ef við á. Einstaklingsáætlanir eru á ábyrgð sérkennara og deildarstjóra sérkennslu en ekki umsjónarkennara sem þó bera ábyrgð á námi allra nemenda í bekknu

Foreldrar eru vel upplýstir um stoðþjónustu skólans. Bæði má lesa um hana á heimasíðu en auk þess eru foreldrar sérstaklega upplýstir um hana sæki þeir um slíka þjónustu. Foreldrar taka þátt í gerð einstaklingsáætlana og endurskoðun þeirra fer einnig fram í samvinnu við þá. Nemendur koma mismikið að gerð eigin námsáætlana, frá lítilli þátttöku í að taka virkan þátt með kennurum og foreldrum. Markvisst er metinn árangur stuðnings og hann endurskipulagður ef þörf er á.

Styrkleikar

- Greiningargögn fylgja nemendum milli skólastiga.
- Einstaklingsáætlanir eru gerðar og þær endurskoðaðar eftir þörfum.
- Foreldrar taka þátt í gerð og endurskipulagningu einstaklingsáætlana.
- Stuðningur er markvisst metinn og árangur nýttur til endurskipulagningar.

Tækifæri til umbóta

- Umsjónarkennarar komi að gerð einstaklingsáætlana með nemendum, foreldrum og sérkennara.
- Vinna þarf áætlun um flutning milli skólastiga og hafa hana sýnilega á heimasíðu.

Verklagsreglur og áætlanir

Í móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir er gerð grein fyrir þeim búnaði, aðstöðu og hjálpartækjum sem fyrir hendi eru auk skipulags á einstaklingsnámskrá, kennsluháttum og námsmati. Hlutverk þeirra sem að nemandanum koma kemur skýrt fram, einnig samstarf við foreldra.

Nemendaverndarráð sér um að samræma skipulag og þjónustu við nemendur með sérþarfir varðandi heilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðiþjónustu. Allir ferlar og skráning upplýsinga er mjög góð í Álfhólsskóla. Skýrt er kveðið á um hvernig bregðast á við niðurstöðum skimana og mats. Sérfræðiþjónusta nær yfir sér- og stuðningskennslu, námsráðgjöf, nýbúafræðslu, talkennslu, sálfræðiþjónustu, skólaheilsugæslu og nemendavernd. Starfsreglur (gátlisti) eru til um meðferð mála sem berast frá foreldrum bæði hvað varðar skráningu, varðveislu, verklag og málshraða. Allt utanumhald varðandi stoðþjónustu er til fyrirmyndar. Verklag er skráð og skilvirkt og ferlar til varðandi alla þjónustu vegna einstaklinga með sérþarfir.

Styrkleikar

- Móttökuáætlun fyrir nemendur er til og henni fylgt eftir.
- Nemendaverndarráð sér um að samræma skipulag og þjónustu við nemendur.
- Allir ferlar og skráning upplýsinga er skilvirk.
- Sérfræðiþjónustan nær yfir alla þá aðstoð sem getið er um í lögum og reglugerðum.

Tækifæri til umbóta

- Setja upplýsingar um verklagsreglur og áætlanir á helstu erlend mál á heimasíðu.

Skipulag

Snemmtæk íhlutun og aðrar fyrirbyggjandi aðgerðir vegna námserfiðleika eru innan stoðþjónustunnar. Meðal annars eru nýttar LOGOS greiningar sem tilheyra verkefninu *Læsi* og er þróað í skólanum. Sérstakur aðili ber ábyrgð á að áætlanir um stuðning í námi og kennslu séu í samræmi við metnar sérþarfir nemenda. Starfsmenn stoðþjónustu vinna í nánnum tengslum við stjórnendur og aðra starfsmenn skólans. Upplýsingaflæði milli þessara aðila er yfirleitt gott en í rýnihópi nefndu aðrir starfsmenn en kennarar að þeir fái ekki nægar upplýsingar um einstaka nemendur.

Skilgreining er til á því hvað sérkennsla annars vegar og stuðningsmiðað nám hins vegar felur í sér og skilgreint er í hvaða tilvikum einstaklingsnámskrá er gerð. Á heimasíðu skólans kemur fram að sérkennsla er stuðningur við nemanda eða nemendahópa sem þarfnast tímabundinnar aðstoðar eða samfellds stuðnings um lengri eða skemmri tíma, jafnvel alla skólagönguna. Einnig að í stuðningsmiðuðu námi er nemendum veittur markviss stuðningur til þess að þeim takist sem fyrst að fylgja jafnöldrum sínum eftir í hefðbundnu námi. Hér er um tímabundna aðstoð að ræða.

Skipulag sérkennslu og stuðnings er endurskoðað reglulega. Túlkaþjónusta er til staðar þegar við á og ef nemendur geta ekki sótt skóla vegna slyss eða langvarandi veikinda fá þeir sjúkrakennslu undir leiðsögn kennara.

Nemendur Álfhólsskóla eru í mismiklum mæli og á ýmsa vegu skilgreindir út úr bekkjardeild sinni til náms við aðrar aðstæður svo sem í sérkennslu í námsveri og í færnimiðaða hópa. Sumir nemendur fara í sérkennslu í íslensku og stærðfræði utan bekkjar, einnig fara nemendur sem við á í tíma í sérdeild einhverfra eða nýbúadeild. Einhverjir nemendur eru í því sem nefnt er færni- og þroskamiðað nám og fá sérsniðin kennslutilboð og einstaklingsmiðaða námsskrá. Læsisstefna skólans er skýr og setur fram viðmið um árangur og leiðir til að ná árangri. Nemendum á yngsta- og miðstigi er skipt í fjóra færnimiðaða hópa í lestri, þar sem sérkennari er með þann hóp sem talinn er þurfa sérkennslu við að ná tókum á umkóðun og lesskilningi. Hver hópur er með skilgreinda þörf og skráð eru markmið og leiðir.

Samstarf er um málefni barna milli sérfræðiþjónustu, félagsþjónustu, barnaverndaryfirvalda og heilbrigðisþjónustu. Til dæmis hefur skólinn ákveðinn tengilið inn í félagsþjónustu Kópavogs og þar með barnavernd. Sá aðili fundar með nemendaverndarráði þegar þörf er á.

Styrkleikar

- Snemmtæk íhlutun og aðrar fyrirbyggjandi aðgerðir vegna námserfiðleika eru markvissar.
- Sérstakur aðili ber ábyrgð á að áætlanir um stoðþjónustu séu í samræmi við metnar sérþarfir nemenda.
- Skilgreint er í hvaða tilvikum einstaklingsnámskrá er gerð.
- Skilgreining er til á sérkennslu og stuðningsmiðuðu námi og fer fram regluleg endurskoðun á því námi.
- Samráð er milli þeirra aðila sem koma að velferð barna á grunnskólaaldri.
- Læsisstefna er vel skilgreind og skilmerkilega fram sett.

Tækifæri til umbóta

- Koma þarf á nákvæmara ferli við upplýsingagjöf milli starfsmanna vegna einstakra nemenda.
- Huga að því hvernig hægt er að styðja við nám nemenda í bekkjarumhverfi þannig að sérfræðiþekking sérkennara nýtist betur innan bekkjarumhverfis.

Stoðþjónusta – nýbúafraeðsla

Móttaka

Nemendur með annað móðurmál en íslensku fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Með kennslunni er stefnt að virku tvítyngi þessara nemenda svo þeir geti stundað nám í skóla og tekið virkan þátt í íslensku samfélagi.

Til staðar er móttökuáætlun fyrir þessa nemendur og ákveðið móttökuteymi sem fylgir henni eftir. Reynt er að upplýsa foreldra nýbúa sem best um allt sem lýtur að skólastarfinu og skólasamfélaginu í heild. Þeim er bent á ýmsa vefi með upplýsingum og aðra aðstoð sem nýbúar geta fengið. Ekki eru upplýsingar um Álfhólsskóla á erlendum tungumálum á heimasíðu hans.

Styrkleikar

- Virðing er borin fyrir fjölbreytileika og menningu ólíkra þjóða.
- Stefnt er að því að gera tvítyngda nemendur virka í íslensku samfélagi.
- Móttökuáætlun er til staðar og ýmsar upplýsingar sem gagnast foreldrum nemenda með annað tungumál en íslensku.

Tækifæri til umbóta

- Birta þarf á heimasíðu upplýsingar um skólann á nokkrum tungumálum.

Félagsleg aðlögun

Í skólanum er skilgreint hvernig félagsleg aðlögun er skipulögð og eru upplýsingar um það á innra neti fyrir starfsmenn en ekki á heimasíðu skólans. Foreldrar og nemendur með íslensku sem annað tungumál fá kynningar á félagsstarfi og tómstundatilboðum. Þá eru foreldrar yngri nemenda með íslensku sem annað tungumál hvattir til að nýta sér frístundastarf eftir skóla það er Dægradvöl skólans.

Kennarar reyna með markvissum hætti að koma á sambandi milli nemenda með íslensku sem annað tungumál og bekkjarfélaga til að aðstoða við aðlögun og nám. Námskeið hafa verið haldin um fjölmenningu og/eða millimenningu í skólanum. Skólinn og foreldrafélagið eru núna í viðræðum um það að koma á einhvers konar vinatengslum íslenskra fjölskyldna og þeirra sem hafa íslensku sem annað tungumál.

Styrkleikar

- Skilgreining er til á félagslegri aðlögun nemenda með íslensku sem annað tungumál.
- Foreldrar nemenda með íslensku sem annað tungumál fá upplýsingar um félags- og tómstundastarf.
- Kennarar reyna með markvissum hætti að koma á sambandi milli íslenskra nemenda og tvítyngdra.
- Námskeið hafa verið haldin um fjölmenningu.

Tækifæri til umbóta

- Hafa skilgreiningu á félagslegri aðlögun tvítyngdra barna á heimasíðu svo öðrum foreldrum sé ljóst í hverju hún er fólgin.

Nám og kennsla

Kennslustundafjöldi á viku hverri er sá sami í nýbúadeild og hjá almennum nemendum. Deildarskrá nýbúadeildar er hluti skólanámskrár skólans og er nemendum ýmist kennt samkvæmt einstaklings- eða hópnámskrá. Deildarstjóri sérkennslu fylgist með framvindu og metur í samvinnu við kennara og foreldra hvort breytinga sé þörf.

Álfhólsskóli hefur á að skipa nýbúakennurum sem hafa tiltæk öll algengustu tungumál (allt að sjö tungumál hjá sama kennara) svo í mörgum tilfellum geta kennarar rætt við nemendur á þeirra tungumáli og þannig eftt þá í eigin móðurmáli.

Reglulegt samband er við foreldra nemenda í nýbúadeild þar sem námsleg staða er rædd og vænlegar leiðir til þess að þroska og styrkja nemandann. Ákvörðun um útskrift er einnig tekin í samráði við foreldra nemandans og heimaskóla hans. Ef um slíkan flutning er að ræða miðlar móttökudeildin upplýsingum um námslega stöðu nemandans til heimaskóla og ráðgjöf um áframhaldandi nám. Á öllum fundum með foreldrum barna í nýbúadeild er boðið upp á tálkaþjónustu ef þörf er á.

Styrkleikar

- Til staðar er deildarskrá nýbúadeildar með allar helstu upplýsingar um deildina.
- Álfhólsskóli hefur á að skipa starfsfólki sem talar mörg ólík tungumál.
- Reglulegt og gott samband er milli skólans og foreldra tvítyngdra nemenda.
- Ákveðinn aðili ber ábyrgð á stjórn deildarinnar.

Stoðþjónusta – sérdeild einhverfra

Sérdeild einhverfra

Aðstaða og tækjabúnaður í skóla tekur mið af þörfum allra svo sem aðlöguð námsgögn. Í móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir, einhverfu, er gerð grein fyrir búnaði, aðstöðu, skipulagi, kennsluháttum og námsmati. Þar er líka sagt frá hlutverkum allra aðila sem að nemendum koma svo og samstarf við foreldra og áform um stuðning til félagslegrar þátttöku.

Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir sérhvern nemanda sem byggð er á kennslufræðilegri greiningu á náms- og þroskastöðu nemandans. Einstaklingsnámskrár eru gerðar í samvinnu við foreldra og þær eru endurskoðaðar reglulega með tilliti til framfara og þroska einstaklingsins. Í Álfhólsskóla er unnið markvisst að félagslegri blöndun einstakra nemenda í almenna bekki eftir því sem unnt er.

Dagleg stjórnun deildarinnar er undir stjórn sérstaks umsjónarmanns.

Styrkleikar

- Móttökuáætlun er til staðar þar sem fram koma allir helstu þættir sem snerta nám, félagslega þátttöku og aðstöðu nemenda ásamt foreldrasamstarfi.
- Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir sérhvern nemanda.
- Markvisst er unnið að félagslegri blöndun einstakra nemenda í almenna bekki.
- Deildarstjóri sinnir daglegri stjórnun deildarinnar.

Styrkleikar og tækifæri til umbóta

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni, einkum hvað varðar styrkleika. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér. Í stórum dráttum má segja að í skólanum fari fram gæðastarf þar sem stuðst er við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og annað sem lögum samkvæmt snýr að þeim þáttum skólustarfs sem metnir voru. Borin er virðing fyrir margbreytileika og leitast við að koma til móts við þarfir allra nemenda. Sérstaða skólans og styrkur felst ekki síst í afar skilvirku og góðu starfi sérdeilda og sérkennslu.

Styrkleikar

Helstu styrkleikar í stjórnun felast m.a. í því að stjórnendur stuðla að samhljómi meðal starfsmanna, nemenda og foreldra. Það er ekki síst mikilvægt í svo „ungum“ skóla. Stefna skólans er skýr og allir hagsmunaaðilar hafa unnið að stefnumótun skólans. Markvisst er stuðlað að jákvæðum samskiptum og skólaráð og foreldrafélag eru virkir samráðs- og samstarfsaðilar skólans. Skólanámskrá og starfsáætlun liggur fyrir með þeim atriðum sem aðalnámskrá gerir kröfur um.

Tækifæri til umbóta í stjórnun

- Kjósa þarf nemendur í skólaráð til tveggja ára í senn.
- Gera þarf einkunnarorð skólans sýnilegri bæði í vitund fólks og með hlutlægum hætti.
- Huga ber að meiri endurgjöf til kennara t.d. með reglubundnum heimsóknum í kennslustundir.
- Æskilegt er að hafa skráð samskipti við önnur skólastig þar sem tímasett ferli og samstarf kemur greinilega fram.
- Huga má að hvort enn frekar sé hægt að nýta sameiginlega tíma á töflu t.d. fyrir samvinnu milli árganga.
- Efla þarf og samræma öflugt upplýsingaflæði í gegnum Mentor.

Styrkleikar

Í námi og kennslu sjást helstu styrkleikar til dæmis í því hversu vel er fylgst með nemendum og námi þeirra og brugðist við skilgreindum þörfum allra. Áætlanir um nám og kennslu, skipulag náms og námsaðstæður eru skráðar og aðgengilegar. Viðamikil skipulag er til að reyna að mæta námsþörfum nemenda á fjölbreyttan hátt í námshópum og námsverum. Í skólanum er margbreytileika hampað og allir nemendur fullgildir þátttakendur í starfi hans.

Tækifæri til umbóta í námi og kennslu

- Uppfæra þarf námsvísa í tengslum við innleiðingu nýrrar aðalnámskrár og setja fram viðmið um námsmat og tengja við markmið. Tengja stefnu skólans við áherslur í bekkjarnámskrám.
- Huga betur að áhugasviði nemenda og vitund þeirra um styrkleika sína sem námsmenn.
- Auka þátttöku og ábyrgð allra nemenda í að skipuleggja nám sitt og námsaðferðir, gera sér grein fyrir markmiðum og tengja þau námi og mati á árangri sínum.

- Auka þátttöku nemenda við að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sérstaklega um framkvæmd náms og námsumhverfis.
- Huga þarf að viðfangsefnum sem koma til móts við bráðgera nemendur.
- Finna þarf leiðir til að foreldrar og nemendur nýti og tengi upplýsingar um nám og markmið í námsvísunum og áætlunum.
- Auka sjálfsmat nemenda og leiðbeina þeim við mat á eigin framförum tengt viðmiðum um árangur.
- Tengja markvisst saman áætlanir bekkjar og einstaklingsáætlanir þannig að nám allra nemenda tengist náms- og félagslega starfi bekkjarins.
- Bæta þarf tækjakost skólans, nýta betur upplýsingatækni í námi og kennslu og auka aðgengi nemenda að upplýsingaveri.
- Nýta betur samvinnu nemenda sem tækifæri til skapandi starfs og fjölbreytni.
- Fylgjast vel með og meta hvernig og hvort færniaðgreining hefur áhrif á nám nemenda og félagslega aðlögun.
- Huga að því að tengja verkefni og viðfangsefni nemenda meira við áhuga og að þau séu hæfilega krefjandi og geri kröfur um að allir nái árangri.

Styrkleikar

Áberandi styrkleikar eru í innra mati. Öll markmið skólanámskrár eru metin reglulega með einhverjum hætti og viðmið skilgreind. Langtímaáætlun liggur fyrir og við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila. Fjölbreyttar aðferðir eru nýttar við matið og skilmerkilegar upplýsingar liggja fyrir á heimasíðu um innra mat skólans. Umbótaáætlun er í samræmi við greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta, hún er tímasett, með viðmiðum og ábyrgðaraðilum.

Tækifæri til umbóta í innra mati

- Leita þarf leiða til að meta reglulega kennslu og fagmennsku allra kennara.
- Setja þarf í umbótaáætlun hvenær hugað verður að mati á umbótum sem gerðar verða.
- Huga þarf að hvort matsteymi verði skipað öllum hagsmunaaðilum.
- Huga þarf að hvort kynna eigi nemendum betur helstu niðurstöður kannana.

Styrkleikar

Helstu styrkleikar stoðþjónustu eru þeir að skilgreining er til á sérkennslu og stuðningsmiðuðu námi og stuðningur er markvisst metinn og árangur nýttur til endurskipulagningar. Virðing er borin fyrir fjölbreytileika og menningu ólíkra þjóða og markvisst unnið að félagslegri blöndun og aðlögun einstakra nemenda í sérdeildum í almenna bekk. Læsisstefna er skilmerkilega sett fram og öðrum til fyrirmyndar. Sérstakur aðili ber ábyrgð á að áætlanir um stoðþjónustu séu í samræmi við metnar sérþarfi nemenda.

Tækifæri til umbóta í stoðþjónustu

- Efla þarf bekkjarkennslu þannig að nemendur með margvíslega hæfni hafi möguleika á að ná árangri í námi
- Huga að því hvernig hægt er að styðja við nám nemenda í bekkjarumhverfi með sérkennslu þannig að sérfræðiþekking sérkennara nýtist betur innan bekkjarumhverfis

- Til að efla tengsl nemenda í sérúrræðum við bekkjarstarf þarf að auka þátttöku og ábyrgð umsjónarkennara í gerð einstaklingsnámskráa þar sem þeir bera ábyrgð á námi allra nemenda í bekknum.
- Almennan og sérhæfðan tölvubúnað þarf að endurnýja og auka.
- Koma þarf á nákvæmara ferli við upplýsingagjöf milli starfsmanna vegna einstakra nemenda.
- Birta þarf á heimasíðu upplýsingar um skólann á nokkrum tungumálum.
- Huga ber að hvort ekki sé eðlilegt að hafa skilgreiningu á félagslegri aðlögun tvítýngdra barna á heimasíðu svo öðrum foreldrum sé ljóst í hverju það sé fólgið.

Heimildir

Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson, Óskar H. Niélfsson og Júlíus Björnsson (2010). *Íslenskir nemendur við lok grunnskólans. Helstu niðurstöður PISA 2009 rannsóknarinnar um lesskilning og læsi í stærðfræði og náttúrufræði*. Reykjavík: Námsmatstofnun.

Aðalnámskrá grunnskóla: almennur hluti. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla: greinasvið. (2013). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Álfhólsskóli. Heimasíða. Slóðin er:

<http://www.alfholsskoli.is/>

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. Slóðin er:

<http://www.barnasattmali.is>

Björk Ólafsdóttir. (2011). *Innra mat grunnskóla: leiðbeiningar og viðmið fyrir mat sveitarfélags á innra mati grunnskóla*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Hrönn Pétursdóttir. (2007). *Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007-2020*.

Reykjavík: Félag grunnskólakennara, Samband íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélag Íslands.

Kópavogur. Skólastefna. Af:

<http://www.kopavogur.is/files/Grunnskolestefna%202009%281%29.pdf>

Lög um grunnskóla, nr. 91/2008.

Reglugerð nr. 584/2020 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Slóðin er:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/allar-rettarheimildir/nr/5538>

Reglugerð nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla. Slóðin er:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/allar-rettarheimildir/nr/5540>

Aðrar heimildir:

Gögn um samræmd próf og PISA niðurstöður skóla, unnin úr gagnagrunni Námsmatsstofnunar.

Hulda Karen Daníelsdóttir. Netpóstur 19. mars, 2013

Tómas Jónsson. Menntasvið Kópavogs. Starfsreglur vegna einhverfudeildar. Netpóstur 14.mái, 2013

Viðhengi/Fylgiskjöl

Foreldrabréf.

Frekari greining matsþátta.

Matsblað kennslustundar.

Viðmið um gæði kennslustunda.

Kennsluhættir – leiðsögn við ytra mat á grunnskólum.

Reykjavík, 27. maí 2013

Ágætu foreldrar og nemendur **Álfhólsskóla**

Eins og ykkur er um kunnugt var starf við skólann metið nú á vorönn með ytra mati. Matið unnu matsmenn á vegum Námsmatsstofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga. Matið er fyrst og fremst til að styðja skóla við að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum. Tilgangur matsins er einnig að afla upplýsinga um skólastarf, árangur þess og þróun fyrir fræðslufirvöld, starfsfólk skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemendur. Matið er til að tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla.

Til að sjá hvernig nám nemenda er og hversu vel skólinn stendur að því var aflað fjölbreyttra gagna. Stuðst var við ýmis gögn um skólastarfið, talað var við hópa nemenda, foreldra, kennara, annars starfsfólks, stjórnendur og skólaráð. Vettvangsathuganir voru í 43 kennslustundum. Niðurstöður matsins eru settar fram í fjórum köflum sem fjalla um stjórnun, nám og kennslu, innra mat og stoðþjónustu, en það var matsþáttur sem skóli og sveitarstjórn völdu. Hér á eftir er stutt samantekt á niðurstöðum þar sem getið er um styrkleika og tækifæri til umbóta sem fram komu við matið.

Stjórnun.

Stjórnendur stuðla með ýmsu móti að samhljómi meðal allra um góðan og jákvæðan skólabrag. Saman í sátt er meðal annars merki um hvernig stuðlað er að jákvæðum samskiptum. Stefnumótunarynnan sem í gangi er í skólanum skilar sér í anda skólans. Stefna skólans er sýnileg á heimasíðu og skilgreint er hvað liggur að baki leiðarljósum skólans. Foreldrar og nemendur eru hvattir til að taka þátt í stefnumótun. Skólanámskrá, starfsáætlun og allar áætlanir eru vel fram settar og öllum hagsmunaaðilum skólastarfsins aðgengilegar. Skólareglur eru sýnilegar og ákvæði við agabrotum eru lausnamiðuð. Skólaráð og foreldrafélag eru virkir samráðs- og samstarfsaðilar skólans.

Sem tækifæri til umbóta er lagt til svo gera megi gott starf enn betra að gera einkunnarorð skólans sýnilegri bæði í skólanum og námi nemenda. Einnig að kennarar hafi möguleika á að fá endurgjöf á störf sín í kennslu með reglubundnum heimsóknum stjórnenda eða annarra kennara. Fram kom að efla má og samræma upplýsingaflæði í gegnum Mentor.

Nám og kennsla

Nemendur voru almennt áhugasamir um nám sitt og starf í skólanum og virkir í kennslustundum. Jákvæðni og góð samskipti einkenndu skólastarfið og kennslustundir. Kennarar hafa almennt góða fagþekkingu á þeim námssviðum sem þeir kenna. Kennslustundir voru vel skipulagðar og tíminn vel nýttur. Vel er fylgst með með námi og árangri nemenda og hugað að þörfum nemenda með sérþarfir með fjölbreyttum leiðum. Nemendur sýna góðan árangur á samræmdum prófum.

Nemendur, líka ungir nemendur vita hvernig þeir eiga að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Bekkjarfundir eru markvisst haldnir og góðar leiðbeiningar eru til um þá.

Sem tækifæri til umbóta er nefnt að efla þurfi notkun upplýsingatækni í öllu skólastarfi. Einnig að nemendur hafi meiri möguleika á að nýta upplýsingaver til náms. Lagt er til að kennarar hugi að fjölbreyttum kennsluháttum og efla námsaðstæður sem stuðla að samvinnu nemenda og taki mið af áhuga þeirra. Við endurskoðun skólanámskrár er lagt til að markmið og viðmið um námsmat verði gerð sýnileg og nemendum og foreldrum kynnt vel. Leita leiða til að foreldrar og nemendur nýti námsvísa og kennsluáætlanir til leiðsagnar í námi. Einnig þarf að huga að því að bráðgerir nemendur sem og allir nemendur hafi krefjandi verkefni við hæfi.

Innra mat

Innra mat er reglulegt, fjölbreytt og allir helstu þættir skólastarfsins eru metnir. Leitað er sjónarmiða allra hagsmunaaðila og allir hagsmunaaðilar hafa áhrif á skipulag matsins. Niðurstöður úr innra mati eru formlega kynntar og upplýsingar um innra mat eru á heimasíðu. Umbótaáætlun er mjög vel fram sett. Áætlun er til um innra mat til ársins 2016.

Örfá tækifæri eru til umbóta innra mats. Leita þarf leiða til að meta reglulega kennslu og fagmennsku kennara. Í sjálfsmatsteymi þurfa að sitja fulltrúar allra hagsmunaaðila skólans. Setja þarf í umbótaáætlun skólans hvenær meta á hvort umbætur hafi náð fram að ganga. Loks þarf að finna enn skilvirkari leiðir til að kynna foreldrum og nemendum niðurstöður innra mats.

Stoðþjónusta

Sérfræðiþjónusta nær yfir alla þá aðstoð sem lög og reglugerðir kveða á um. Allt skipulag, allir ferlar og skráning er mjög skilvirk. Brugðist er skjótt við vanda. Gerðar eru einstaklingsáætlanir sem foreldrar og í sumum tilfellum nemendur koma að. Stuðningur er markvisst metinn og endurskipulagður. Vel skilgreind læsistefna er við skólann. Sérdeildir eru vel skipulagðar og námi nemenda þar faglega sinnt. Markvisst er unnið að félagslegri blöndun nemenda sérdeilda í almenna bekki.

Tækifæri til umbóta stoðþjónustunnar eru að tengja einstaklingsnámskrár og bekkjarnámskrár saman eins mikið og mögulegt er. Hugsa að því hvort sérfræðipekking sérkennara nýtist í bekkjaraðstæðum og styrki þannig nám allra nemenda. Efla upplýsingagjöf um sérþarfir til allra starfsmanna. Birta upplýsingar um skólann á nokkrum tungumálum.

Lokaorð

Álfhólsskóli er skóli þar sem borin er virðing fyrir margbreytileika og leitast er við að koma til móts við þarfir allra nemenda.

Í framhaldi þessa mats verður matskýrsla send skólanum og sveitarstjórn þar sem fram koma nánari niðurstöður ytra matsins. Skýrslan verður aðgengileg á heimasíðu ráðuneytis og Námsmatsstofnunar. Skóli og sveitarstjórn setja í framhaldi matsins fram áætlun um þær umbætur sem lagðar eru til og ráðuneyti fylgist síðan með að þeim sé framfylgt.

Með bestu kveðju,

Hanna Hjartardóttir og Þóra Björk Jónsdóttir
Námsmatsstofnun

Frekari greining fyrir Álfhólsskóla

Tafla 1 sýnir niðurstöður fyrir Álfhólsskóla á þeim þáttum sem til skoðunar voru í ytra mati á grunnskólum vorið 2012.


Litirnir sem notaður er í töflunni standa fyrir eftirfarandi kvarða:

- D → 1,0 – 1,5 = **rautt** – mikil umbótaþörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- C → 1,6 – 2,5 = **gult** – meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
- B → 2,6 – 3,5 = **ljósgrænt** - meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- A → 3,6 – 4 = **grænt** – flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Stjórnun			Nám og kennsla			Innra mat	
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsaðstæður	Þáttt. og ábyrgð nemenda	Námsaðlögun	Framkvæmd innra mats	Umbótastarf í kjölfar innra mats
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfsáætlun og skólánámskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Nám við hæfi allra nemenda	Kerfisbundið og samofið daglegu skólustarfi	Opinbert
Stjórnun stofnunar	Skóladagur nemenda	Þáttt. for. í skólast. og upplýsingamiðlun	Skipulag náms og námsumhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Stuðningur við nám	Markmiðsbundið	Umbótamiðað
Faglegt samstarf	Verklagsreglur og áætlanir		Kennslu-hættir og gæði kennslu			Byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	
Skólaþróun			Námshættir og námsvitund			Samstarfsm. og byggir á lýðræðisl. vinnubr.	

Tafla 1. Styrkleikar og veikleikar matsþátta í Álfhólsskóla

Mynd 1 sýnir yfirlit yfir mat á gæðum kennslustunda í Álfhólsskóla¹.



Mynd23. Mat á gæðum kennslustunda


Kennsluhættir

Notkun upplýsingatækni

Nemendur eða hluti nemenda nota upplýsingatækni í 4 kennslustundum af 33. Kennarar nýttu Ut til kennslu í 9 af þessum stundum.

Kennsluathafnir²

Mynd 2 sýnir yfirlit yfir kennsluathafnir.




Mynd 2. Kennsluathafnir

¹ Sjá: Viðmið um gæði kennslustunda

² Sjá :Kennsluhættir – leiðsögn við ytra mat á grunnskólum

Samvinna og einstaklingsvinna

Mynd 3 sýnir yfirlit yfir samvinnu og einstaklingsvinnu nemenda.



Mynd 3. Samvinna og einstaklingsvinna nemenda.

Matsblað kennslustundar

Vettvangsathugun í kennslustund

Bekkur:	Dags./vikud.:
Námsgrein:	Kl.(upphaf og lok):
Kennari:	Fjöldi nemenda:

Skipulag í skólastofunni/ kennsluaðstæður:	Námsgögn og umhverfi styðja við nám og kennslu allra nemenda.
Framvinda kennslustundarinnar:	Kennslustundin er vel skipulögð, vel uppbyggð og tíminn vel nýttur.
Markmið, mat og endurgjöf:	Kennslan byggir á faglegri þekkingu kennara. Markmið stundarinnar eru skýrt sett fram og kynnt nemendum. Viðmið um árangur eru sýnileg. Endurgjöf er leiðbeinandi, regluleg, markviss og leiðir til framfara. Námsmat er fjölbreytt. Nemendur þjálfast í sjálfsmati og taka þátt í að meta eigin árangur.
Samkipti og samstarf:	Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda. Samskipti eru jákvæð og einkennast af virðingu. Nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Samvinna og samstarf er markvisst þjálfað og notað.

Kennsluáðferðir og vinnutilhögun:	Kennsla er skipulögð þannig að hún hæfi öllum nemendum. Nemendur hafa val um verkefni og verkefni eru krefjandi. Verkefni eru heildstæð og samþætt. Allir nemendur taka virkan þátt. Kennsluhættir og vinnubrögð eru fjölbreytt og hæfa verkefnum. Nemendur þjálfast í að vinna sjálfstætt, í samvinnu og að beita fjölbreyttum námsaðferðum. Nemendum er kennt að setja sér eigin markmið í námi. Nemendur nýta mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni, m.a. upplýsinga- og samskiptatækni. Nemendur fá þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
Námsaðlögun:	Kennsla er löguð að mati á stöðu nemenda. Verkefni eru krefjandi og í samræmi við námsmarkmið hvers og eins. Námið tekur mð af áhuga þeirra og hæfileikum. Nemendahópar vinna að mismunandi verkefnum með fjölbreyttum aðferðum. Nemendur geta valið sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða eigin námsstíl.
Grunnþættir menntunar:	Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun; eru þessir þættir sýnilegir í stundinni?
Tvö atriði sem tókust vel eða voru vel gerð í stundinni og eitt sem má bæta.	

Viðmið um gæði kennslustunda.

Við mat á gæðum kennslustunda eru eftirfarandi viðmið frá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar notuð (heimild: Birna Sigurjónsdóttir):

Frábær / mjög góð

- Kennslustundin telst a.m.k. góð í öllum meginatriðum og til fyrirmyndar í ákveðnum þáttum sem sést á því að allir nemendur taka greinilegum framförum.

Góð

- Flestir nemendur taka góðum framförum vegna góðrar kennslu.
- Hegðun er almennt góð og nemendur áhugasamir. Þeir vinna í öruggu og vinsamlegu umhverfi.
- Kennslan byggir á öruggri þekkingu á námsgreininni ásamt vel skipulögðum verkefnum sem nemendur fást við.
- Verkefni mæta vel ólíkum þörfum nemenda svo flestir fá verkefni við hæfi.
- Kennsluaðferðir eru í samræmi við markmið kennslustundarinnar og þarfir nemenda.
- Stuðningsfulltrúar og aðrar bjargar eru vel nýttar og tími vel nýttur.
- Mat á verkum nemenda er stöðugt, samræmt og styður við framfarir.

Viðunandi

- Kennslustundin telst ekki óviðunandi í neinum meginþáttum og kann að vera góð í sumum þáttum sem kemur fram í því að nemendur njóta stundarinnar og ná fullnægjandi árangri.

Óviðunandi

Kennslustund getur ekki talist viðunandi ef:

- Flestir nemendur eða ákveðinn hluti nemendahópsins taka ekki nægum framförum.
- Almenn hegðun nemenda eða viðhorf eru óviðunandi, andlegur, siðferðilegur, félagslegur og menningarlegur þroski er vanræktur og persónulegur þroski nemenda er slakur.
- Heilsa eða öryggi nemenda er ekki tryggt.
- Kennslan er óviðunandi. Óviðunandi kennsla einkennist að öllum líkindum af einu eða fleiri eftirfarandi:
 - Lítil þekking á námskrá sem leiðir af sér ónákvæmni í kennslu og litlar kröfur til nemenda.
 - Verkefni ríma ekki við fyrri þekkingu nemenda.
 - Bekkjarstjórnun er ábótavant.
 - Aðferðir henta ekki námsmarkmiðum eða ná ekki að vekja áhuga nemenda.
 - Óviðunandi nýting bjarga, þ.m.t. aðstoðarmanna og tímans sem til ráðstöfunar er.

Kennsluhættir – leiðsögn við ytra mat á grunnskólum

Gæði kennslu skipta sköpum fyrir nám nemenda. Fræðimenn eru sammála um að ekki sé til ein ákveðin besta leið við kennslu. Áhrif kennsluaðferða ræðst m.a. af námssviðum, námsmarkmiðum hverju sinni og menningarlegum aðstæðum.

Nám á sér stað þegar nemandi tekur virkan þátt með því að fylgjast með, ræða, skrifa, hlusta, hugsa og gera. Það eflir nám að sjá tilgang og möguleika á nýtingu. Nám byggir á fyrri skilningi. Markmið kennslu er nám nemenda. Árangursrík kennsla felur því í sér að skapa námsaðstæður þar sem nemendur eru virkir, tengja við fyrri þekkingu og sjá tilgang með verkefnum.

Við ytra mat á námi og kennslu þarf að skoða og greina kennsluaðferðir og vinnubrögð sem notuð eru í þeim kennslustundum sem metnar eru. Til hvers konar námsathafna leiðir kennsluskipulag?

Til hjálpar er hægt að nota eftirfarandi flokkun þar sem kennsluhættir eru flokkaðir í þrjá flokka eftir athöfnum kennara og nemenda. Þvert á þessa flokka er hægt að líta á hvort nemendur vinna sjálfstætt við námið eða eru í gagnvirku námi.

Dæmi um kennsluaðferðir eða tilhögun eru innan hvers flokks, alls ekki tæmandi listi. Flokkar og aðferðir geta einnig skarast innbyrðis. Þessi flokkun getur verið stuðningur þegar metið er hvort fjölbreyttir kennsluhættir séu í skólanum. Það er t.d. ekki fjölbreytni ef kennsluathafnir eru að mestu í einum flokki og námsathafnir nemenda þar með einhæfar.

Flokkun kennsluathafna

Fræðari

Kennarinn er fyrst og fremst í að miðla efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt þá eru það spurningar sem kalla oftast á eitt rétt svar. Vinna við verkefni og vinnubækur mótast af því að taka á móti staðreyndum og setja þær fram á ákveðinn hátt, ein þekkt lausn. Námsefnið er í forgrunni.

- Fyrirlestrar/útskýringar kennara
- Fara yfir og leiðrétta heimaverkefni, próf, könnun skv. forskrift kennara
- Bein kennsla - samræður við nemendur
- Vinnubækur og verkefnabækur/hefti
- Skrifleg verkefni úr ýmsum áttum
- Námsefni lesið saman og rætt við nemendur
- Sýnikennsla, útskýringar
- Verkefni sem nemendur hafa ekki áhrif á, hvort heldur er bókleg eða verkleg
- Horft á kvikmyndir og myndbönd
- Þjálfun og æfingar

Leiðbeinandi

Kennarinn stýrir framvindu kennslustunda en leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda (lýsa, leggja mat á, bera saman, draga ályktanir og/eða setja fram tilgátur) eða opin/skapandi viðfangsefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum þekktum lausnum. eða leggur áherslu á frumkvæði og ábyrgð nemenda meðskipulagi á námsathöfnum þar sem engin lausn er fyrirfram þekkt. Áhersla er á námsferlið sem leið (og leiðir) til náms frekar en námsfernið einvörðungu. Nemandinn er í forgrunni og hann er virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir. Áhugi nemenda og forvitni er driffjöður námsathafna. Kennarinn skapar námsaðstæður og tækifæri nemenda til þátttöku, hann sér um að bjargir séu til staðar og veitir endurgjöf meðan á námi stendur.

- Tilraunir og verklegar æfingar
- Lausnaleit

- Námsefni lesið saman og rætt með nemendum
- Verkefni í list- og verkgreinum þar sem nemendur hafa áhrif á útfærslu og verkefnaval eða þegar nemendur hanna og skapa frá grunni
- Útikennsla og vettvangsferðir þar sem nemendur bera ábyrgð og nýta umhverfi til náms
- Rannsóknir
- Leikræn tjáning / hlutverkaleikur

Þvert á flokkana að framan koma svo þessir þræðir

Sjálfstætt nám - einstaklingsvinna

Kennarinn skipuleggur námsathafnir sem ætlað er að efla frumkvæði, sjálfstraust og sjálfsmat nemandans. Námið er skipulagt annað hvort af kennara eða nemanda en er undir umsjón og leiðsögn kennara. Vinna nemenda sem einkennist dæmigerðri vinnubókavinnu er einnig flokkuð sem einstaklingsvinna.

- Sjálfstæð heimilda- eða ritgerðarvinna
- Einstaklingsverkefni sem tengjast áhugasviði
- Ígrunda og meta eigi nám (sjálfsmat)
- Vinna í vinnubók eða sambærileg verkefni

Gagnvirkt nám/samvinna – hópvinna

Kennarinn skapar námsumhverfi sem byggir á samræðum og hlutdeild nemenda. Paravinna, hópvinna eða annars konar samvinna í kennslustundum. Áhersla á samskipti, samvinnu og félagslega færni. Nemendur vinna í margskonar hópum. Kennarinn hefur mikilvægt hlutverk við hópamyndun og skipulag námsathafna nemenda í hópum.

- Sjálfstæð heimilda- eða ritgerðarvinna, hópverkefni
- Þemaverkefni, unnin í hópum
- Umræður hópa og kynning niðurstaðna
- Námsleikir og spil
- Leikræn tjáning, söngur eða hreyfing
- Samvinnunám

